

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1995

Technical and Bibliographic Notes / Notes technique et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modifications dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- Coloured covers / Couverture de couleur
- Covers damaged / Couverture endommagée
- Covers restored and/or laminated / Couverture restaurée et/ou pelliculée
- Cover title missing / Le titre de couverture manque
- Coloured maps / Cartes géographiques en couleur
- Coloured ink (i.e. other than blue or black) / Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)
- Coloured plates and/or illustrations / Planches et/ou illustrations en couleur
- Bound with other material / Relié avec d'autres documents
- Only edition available / Seule édition disponible
- Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin / Le reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure.
- Blank leaves added during restorations may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming / Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.

- Coloured pages / Pages de couleur
- Pages damaged / Pages endommagées
- Pages restored and/or laminated / Pages restaurées et/ou pelliculées
- Pages discoloured, stained or foxed / Pages décolorées, tachetées ou piquées
- Pages detached / Pages détachées
- Showthrough / Transparence
- Quality of print varies / Qualité inégale de l'impression
- Includes supplementary material / Comprend du matériel supplémentaire
- Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image / Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir le meilleure image possible.
- Opposing pages with varying colouration or discolourations are filmed twice to ensure the best possible image / Les pages s'opposent ayant des colorations variables ou des décolorations sont filmées deux fois afin d'obtenir le meilleur image possible.

- Additional comments / Commentaires supplémentaires: Various pagings. Text in Icelandic.

This item is filmed at the reduction ratio checked below /
Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

	10x	12x	14x	16x	18x	20x	22x	24x	26x	28x	30x	32x
					✓							

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.









Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminent par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.


MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART


(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(718) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax







H. Dr. Julius

Eg þakka þu, auðinn elskað.

Mér lífið er ekki illa
og ekki heldur vel;—
því áttu þu þessum
— og ekki heldur vel.
Eg hef þu átt þu elskað
og áttu þu þessum;
og er í allt við þu.
— og ekki heldur þu þessum.

Ku þu er orð að þu
þútt orðan hafi dal:
og byrja bók að skrifa
með þara skal, og skal
því fyrir frögð og í þu
og framtíð mína sel.
Mér líður ekki illa
og ekki heldur vel.




H. D. Julius

Eg hefi' ei auðinn elskað.


*Mér líður ekki illa
og ekki heldur vel;—
því æfin er á þrotum
og ekki gull í skel.
Eg hefi' ei auðinn elskað
og aldrei til þess fann;
eg er í ætt við soninn,
en ekki' hinn ríka mann.*

*En best er orð að efna,
þótt engan hafi dal;
og byrja bók að skrifa
með bara skal, eg skal!
því fyrir frægð og heiður
eg framtíð mína sel.—
Mér líður ekki illa
og ekki heldur vel.*




KRISTJAN N. JÚLIUS:

Kviðlingar




Prentsmiðja Columbia Press, Ltd.
WINNIPEG
1920



HÖFUNDURINN.

Það er óþarft og óviðeigandi að rita langan formála með þessum kvíðlingum. *Æfisaaga* höfundarins á hér ekki heima. Gætt heldur ekki orðið meir en hálf-sögð sagan," því hann er enn á lífi og gefur sjálfur út bókina.

Líka er hann manna best kunnur meðal Vestur-Íslendinga, svo óþarft er, þeirra vegna, að leiða hann hér í kór.

Nokkuð öðru máli er að gegna með þá hina mörgu á ættjörðinni, er bókina munu sjá. Væri því, ef til vill, síður úr vegi að geta fárra atriða, sem mættu gera þeim hann lítið eitt kunnugan.

Kristján er fæddur á Akureyri á Íslandi, fyrir rúmum sextíu árum. Faðir hans var Jón Jónsson* smiður, maður vel gáfður og skáldmæltur nokkuð, enda var hann bróðursonur Nielsar skálda. Er þangað sókt seinna nafn Kristjáns Móðir Kristjáns hét Þórunn og átti hún skammt ætt að rekja til móðurfólks Jónasar Hallgrímssonar. Var móðurfólk Kristjáns góðum gáfum gætt og sumt vel skáldmælt.

Þegar Kristján var 14 ára dó móðir hans. Fór hann þá til Davíðs móðurbróður síns, bónda á Jódísarstöðum í Eyjafirði, og var með honum þangað til hann, í ára gamall, fór til Ameríku. Á barnaskóla á Akureyri gekk hann og hjá Síghlúvíkur Jónasi, sem var

*) Jón Julius, bróðir Kristjáns, flutti til Ameríku nokkrum árum á undan systkinum sínum. Tók hann þá síðara nafn sitt upp sem ættarnafn. Þegar Kristján og önnur systkyni Jóns komu vestur, tóku þau öll upp nafn bróður síns "Julius", sem ættarnafn.

heimilis kennari hjá móðurbróður hans, hélt hann á fram námi, þegar þangað kom. Uppeldi fékk Kristján þannig all-gott, uppfræðslu í meira lagi eftir því sem þá tíðkaðist með fátækra manna börn, en ástríki, bæði foreldra og fósturforeldra, í ríku mæli.

Þessi 42 ár sem Kristján hefir verið í Ameríku, hefir hann átt heimili á aðeins þremur stöðum. Fyrst í Winnipeg um allmörg ár, þar næst nokkur ár í Duluth, Minnesota, en um mörg síðari ár nálægt Eyford, í íslenzku byggðinni í Norður-Dakota.

Samt hefir hann víða farið, einkum framan af árum, þá er atvinna leitandi ekki mannsins, en maðurinn varð að leita hennar. Hann hefir unnið hart og mikið alla æfi. Mörg síðari árin við landbúnað mest. Hann er ötull og laginn verkmaður, enda þrekmaður mest. Heilsan svo, að honum hefir aldrei orðið misdægurt, á hverju sem gengið hefir. Hann hafði líka einhverju sinni orð á því við mig, að hann skammaðist sín ætíð, ef hann þyrfti að horfa framan í lækni.

En þótt Kristján hafi þannig unnið, uppihaldslaust, langa æfi, hefir honum ekki safnast fé.

Það er, eins og kunnugt er, ýmislegt sem til þess þarf að safna fé. Eitt fyrsta skilyrðið er það, að vilja safna. En eg hef aldrei vitað til að hann hafi haft löngun til að safna neinu, nema bókum. Og við hverju er þá að búast? Hann hefir aldrei haft tekjur aðrar en sín erfðislaun. Þau hefir hann brúkað óspart, handa sér—og öðrum—því hann er höfðingi í lund, hjartagóður og gjafmildur og helzt lítt á skildingum. En hann getur með sönnu sagt: "Þessar hendur hafa unnið fyrir mér." Upp á aðra hefir hann ekki verið kominn.

Kristján er þrúðmenni mesta í framkomu allri, stillilegur og hægur, jafnvel þögull, sé hann ekki tekinn

III

tali að fyrra dragði. En eftir því sækjast þeir sem hann þekkja, því þar má ætíð einhvers vænta, sem nokkur velgur er í. Hann nær jafnan römmustu tókunum á umtals efninu, og tillögurnar kndar, en mjúkar og myndnar, skeiða fram á kostum valinna orða, í ræðu líkt og ljóði.

Þó að barnaskólanám Kristjáns, sem áður var um getið, hafi að líkindum ekki verið upp á marga fiska, þá væri synd að kalla hann mann ómentaðan. Eða hvernig ætti slíkur andi að geta lifað á sömu mannlífsstöðvum og hann, í 60 ár án þess að mentast? Og ef það mætti nokkur mentan kallast að hafa kynnt sér rækilega bókmentirnar íslenzku, frá fornu og nýju, þá er sú mentan hans. Ljóðanljóðinni allri, frá Jónasi og Bjarna, fram á þenna dag, er hann sérstaklega handgenginn, og það besta af henni hefir hann lagt sér svo á hjarta, að heita má að hann í henni "lífi og hrærist". Líka hefir hann lesið mikið enskan skáldskap og önnur fræði. Kennir og áhrifanna úr þeirri átt hjá honum allvíða.

Mannúð Kristjáns kemur oft í ljós í samræðum um skáldskap. Hann er ætíð vægur í dómum um verk hinna smærri spámannanna, og manna fundvisastur á það, ef nokkuð er, sem þeim verði talið til gildis.

Rúmsins vegna verður hér ekki fleira sagt um höfundinn, nema hvað eg set hér vísu um hann eftir Guttorm J. Guttormsson, skáld, af því mér finst hún sérlega réttmæt :

"Er sá karl í engu veill.
Ekkert hylja klæðin.
Þar er merkur, mætur, heill
maður á bak við kvæðin."

KVIÐLINGARNIR.

Um þá verð eg fáorður. Þeir eru gefnir út, án þess að þeir væru ortir í því augnamiði. Heldur er það gert fyrir marg-ítrekaðar áskoranir til höfundarins, frá mörgum mætum mönnum, bæði hér í landi og á Íslandi.

Vísur Kristjáns hafa þótt svo vel gerðar, að þær sómi sér vel við hlöð þess, sem bezt er ort hjá þjóð vorri, en svo fyndnar og skemtilegar, að þær tæplega eigi sinn líka.

Og fyrst það nú hefir verið einn aðal tilgangurinn með íslenska kveðskapnum, að fornu og nýju, að skemta þjóðinni, þá ættu kviðlingar Kristjáns, sem nú þykja skara fram úr, í þeirri grein, að eiga eitthvert erindi til fólksins.

Margt er í Kviðlingunum, sem ort hefir verið við tækisæri, er á sínum tíma voru kunn, en þeir sem síðar lesa þekkja ekki, og finna því ekki ætíð kjarnann í margri vísunni fyrir dragðið. En þó þetta sé bagi, er samt látið við það sitja, því óvinnandi þótti að leggja út í skýringargrein allstaðar þar sem svona stendur á.

Ekki veit eg hve ungur Kristján fór að yrkja. En vísur eru hér frá fyrstu árum hans í Winnipeg. En þangað kom hann 18 ára.

Það sem hér er prentað, er gripið af handahófi, nálega, úr miklu safni, sem hefir verið illa bókað, en ver geymt, og fjölda margt glatað og gleymt, sem hér hefði átt að vera, því, eins og fyr segir, ætlaði höfundurinn aldrei neitt út að gefa.

I sambandi við ensk orð og setningar, sem fyrir finnst í Kviðlingum, vil eg vara fólk á Islandi við þeim misskilningi, að Kristján sé orðinn svo háður tungumála samsteypunni hér, sem svo mikið er rekist í, að hann geti ekki hjá þessu komist. Það er síður en svo. Enda þarf ekki langt að leita til að sjá, að honum er ekki stírt um íslenskt mál. En hitt er það, að ýmsar kringumstæður og atvik, gera það, sem lýst er, ljósara og fundnara, þegar þessi orð eru brúkuð.

Þetta vita og skilja Íslendingar hér í landi, en þess þeim sé sagt. Nú vita hinir það líka.

Ensk orð eru sumstaðar stöfuð eftir framburði.

Á einstöku stað þó með röngum framburði. En það er aðeins þegar þeim, er rangt ber fram, eru gerð upp orð.


Líka eru ensk orð á nokkrum stöðum með íslenskum endingum. Í þessu er engum föstum reglum fylgt.

Því spáði eitt listaskáldið, hérna um árið, að þegar hann og tvö önnur góðskáldin félli frá, þá dæju með þeim ferskeytlurnar.


Nú eru þau öll þrjú, þessi skáld, fallin frá, og varð "sneyðir mjög að þeim." En, sem betur fer, lifa ferskeytlurnar enn í landi voru og ljóði.

Í þeirri von að eg móðgi engan, sem þar á hlut að máli, leyfi eg mér að gera þá ályktan hér, að höfundur Kviðlinga leggi einna bestan og drýgstan skerfinn til viðhalds íslensku ferskeytlunum, um þessar mundir.

W. H. PAULSON



I.



Ávarp.

Mín eru ljóð ei merkileg,
mínir kæru vinir!
en oft og tíðum yrki' eg
öðruvísi' en hinir.

Veit eg ljóðin varla mín
verða kviðfyllandi;
og kannske þjóðin kostaffn
kalli þau siðspillandi.

Æfisaga K. N. í fárn dráttum.

Blóðið í æðunum brann,
ef brautin var framundan slétt.
Pegasus frægan eg fann,—
á folanum tók eg mér sprett.

Lofthræddur löngum eg var,—
því lífið á himnum ei skil.
Um foldina fákur mig bar,
en flaug ekki skýjanna til.

Bakkus í taumana tók—
Að teyma mig var honum kært!
Svo gaf hann mér brennivíns bók,
á bókina þá hefi' eg lært.

Gigtarsálmur

Við fiðlu braga svo fiktinn,
eg fer nú að yrkja stöku
um hánótt, því helvítis gigtin!
heldur fyrir mér vöku.

Farinn er fótur að stirðna,—
furðað mig getur það eigi;—
býsna oft búinn að spyrna
við broddum á lífsins vegi.

Þeir, sem að táknumum trúa,
svo trúaða marga eg þekki!—
halda við förum að fljúga,
og fæturna brúkum þá ekki.

En, þó að eg breytingu þrái—
því má nú hamingjan ráða,—
eg kvíði svo fyrir eg fái
fluggigt í vængina báða.

Tveir á ferð.

Eg reiði mig á mánann,
því mér hann aldrei brást.
á mæðu' og mótgangs tímum
hann mörgum reyndist skárst.
Á heiðu himinhveli
hans heilög ásýnd skín,
eg veit hann verður fullur,
eg veit hann bíður mín.

Lengi getur vont versnað
eða lengi muna börnin.

Minning þín er mér ei gleymd,—
mína sál þú gladdir;—
innst í hjarta hún er geymd,—
þú heilsaðir mér og kvaddir.

Geisli fæddist, geisli dó,
gaus upp ástarblossi,
hjartað enga hafði ró,
hratt í veiku brjósti sló.—
Hún heilsaði mér með handabandi' og kossi.

Hugurinn oft hjá henni er
 heima' á Íslandi.
 Svefnlaus dæmdur sit eg hér,
 sorgin veika hjartað sker.—
 Hún kvaddi mig með kossi' og handabandi.

Eg sit í þungum þönkum.
 (Liberty-lán)

Eg sit í þungum þönkum
 og þreyttur yrki ljóð;
 eg á ei auð á bönkum
 og ekki gull í sjóð.
 En gamanið fer að grána,—
 þá gef eg ekki "dam",
 en fæ mér lán og lána,
 svo lánið Uncle Sam.

Bjór.

Þú móðurtungan mæra,
 sem mér ert hjartakær!—
 Eg man það mäske betur
 en margt sem skéði' í gær,—

hið fyrsta af öllum orðum,
er orð eg mynda fór,
var orð sem aldrei gleymi,—
en orðið það var: Bjór.

Svo flúði' eg feðra grundu,—
mér fannst þar allt of þurt;—
að leita fjár og frama
eg fullur sigldi burt.
Af hafi hingað komnum,—
mér heimur birtist nýr,—
þá lærði' eg orð í ensku,
en orðið það var: "Beer"

Og fyrr en fjandann varir,
ef fullur sting eg af,
og dreg á kalda djúpið,—
í dauðans kyrrahaf.—
Og hvað, sem helzt að drekka
í heljarsölum finn,
er bjórkút bezt að grafa
á bautasteininn minn.

Fónið.

Kom til Garðar kynleg frétt:
að Káinn væri dáinn.
Þó var ekki þetta rét,—
það var bara páfinn.

Hurðin.

Verði eilífð ekkert lengd,—
einskis góðs má vona.
Aldrei verður hurðin hengd,
haldi' hann áfram svona.

Vorvísur.

Kuldinn dvínar—kemur nú
kempan mín frá Hruna.—
Hver með sína fjósafrú
fer á sýninguna.

Góða tíðin gleður lýð,
gróa' í hlöðum stráin,
vorið bliða' og fljóðin fríð
fara að þíða Káinn.

Furðuljóst það flestum er—
fyrir löngu síðan,—
upp við brjóstin á sér ber,
allar vilja þíða' hann.

Hvílíkur munur.

Gott er að mega seims hjá sól
sofa' í hvílu vænni.
En betra' er að eiga örugt skjól
undir torfu grænni.

Þurt og kalt.

Hríðin lemur utan alt,
um það sem eg braginn.
Það er fremur þurt og kalt,
þegar eg kem í bæinn.

Upp og niður.

Þegar eg var þarnanana' í neðra—
þar, sem Gutti býr á arfleifð feðra,—
allir sögðu,—er það gamall siður—
upp til Winnipeg, en sjaldan niður.

En, þegar eg er hérnanana heima
 heyrðist aftur,—því má ekki gleyma ;—
 eg ætla að skreppa norður eða niður
 á næsta “trein-i”—Þetta er gamall siður!

Bæn móti skuldum.

Drottinn, lát mig ei deyja
 í Dakota skuldum frá;
 þótt skömm sé frá að segja
 saknar mín einhver þá.
 Að einu þarf og að gá:
 “Mortgage” á sálu minni
 mjög er hætt við eg finni—
 “upprisudeginum á”

Þegar eg sá Káinn í Eimreiðinni.

Ef þessir háu herrar á vörn hluta gera,
 ekki má það minna vera
 en maður fái að “prótestera.”

2%

Eg hlýt að slá við slöku
í slyngri ljóðamennt.
Það yrkir enginn stöku
á aðeins 2%.

Vorir skuldunautar.

Ef að kraftur orðsins þver,
á andans hulu brautum:
Gefa' á kjaftinn verðum vér
vorum skuldunautum.

Bandið.

Vilji goðin veita stoð
og verkinu áfram hrinda;
í sköturoð mitt skrattans hnoð,
skal eg láta binda.

Prentvillan

Vilji Loki létta ok
og leirnum áfram hrinda;
í sköturok mitt skáldasprok,
skal eg láta binda.

Oflangt farið.

Ára latur lífs á sjó
lenti' á flaki grínsins.
Eitt sinn gat eg álpast þó
út fyrir takmark vínsins.

Á ferð.

Eg er á fleygiferð á degi hverjum;
guð mig náði' og gefi frið,—
gröfin bráðum tekur við.

Oft eg gekk um grýtta strönd,
gegnum lífsins boða.
Máske einhver hulin hönd
hafi firrt mig voða.

Eg í meyjarauga leit,—
á augnabragði sá að:
innst í hennar hjartareit
hreint var alt og fágað.

Rispa.

Mér hefir lífið opnað und
enn með kvölum sárum.
Þornað blóð af þreyttri mund
þvæ eg burt með tárur.

Heilsa og auður þegar þver,
þrek og kraftar dvína.
Loksins dauðinn líknar mér
og lætur aftur hlýna.

Skemtan góða gígjan ljær,
gleðin sansa léttir.
Sálarfóður sérhver fær,—
Svo er dans á eftir.

Með mynd af K. N.

Hér þú sjá skalt maður mynd,
mynd sem dável þekkir.
Norna álög, svik og synd,
svipinn á henni blekkir.

Ort við Sig. Júl. Jóhannesson

Þótt kalt sé loftið sem þú sérð,—
af sorgum mæddur,
eg er oftast einn á ferð—
og illa klæddur.

Snótin.

Forðum daga fann eg snót,
þá flakk eg lagði' í vana.
Yrði saga ekki ljót,
ef eg sagði hana.

Melankoliska.

Gleði sunna glæst er byrgð,—
geislar fáir skína.—
Margt í dapri dauðakyrrið
dreymir sálu mína.

Heima.

Hrinda þrá og hugarkvöl,
hvílast hér og dreyma.
Það veit sá sem bætir böl,
bezt er að vera heima.

Minding My Own Business.

Hérna' í fjandans heiminum
hefi' eg mörgu að sinna;
læt mig varða ekkert um
orð né gerðir hinna.

Fótgangandi.

Tíðum hér á tölti' eg sézt,
til þess eru líkur,
gefið mér þeir hefðu hest,—
hefði' eg verið ríkur!

Ofbirta.

Frumlegt neitt ei fókk að sjá
fyrir ljósaprjáli;
eg var þreyttur orðinn á:
ensku rósamáli.

Leiðindi.

Langir dagar líða seint,
lífs ei mann fæ séðan;
hjartað bagar ljóst og leynt
löngun burtu héðan.

Alls aumast.

Eitt er sem að mæðir mest
mig í velgengninni;
það er að eiga engan prest
í ættartölu minni.

Fleygt fram í gamni.

Leið eg hata hófsemdar:
heiðurs glata vana;
breið er gata glötunar,
greiðir Satan hana.

Gestgjafinn.

Eg hefi' eflaust átt við fant
eða versta dóna;
tekið hefir hann í pant,
húfuna' mína' og skóna.

Samanburður.

Drottinn minn, eg þakka þér,
það, sem þú hefir gefið mér;
mörgum veittist minna hér,
Magnús um það vitni ber.

“Sælla er að gefa en þiggja.”

Ef eg man það ekki skakkt,—
engan vil eg styggja,—
Kristur hefir sjálfur sagt:
“Sælla’ er að gefa’ en þiggja.”

Íslands mæta þjóðin þér
þakkir bæri’ að votta,
ef þú gætir gefið mér
gálga’ og snærisspotta.

Reiður.

Eg vil bíta og berja fast,
brjóta allt og mölva;
þetta vítis kuldakast
kom mér til að bölva.

Mokstur.

Ef einhver sér mig ekki vera' að moka,—
þetta orða þannig hlýt;—
þá er orðið hart um skít.

Á sólstöðudaginn.

Eg syng ei dapurt sorgarlag
um sólar hinztu hvörf;
en nýjan gleði byrja brag,
því brennivín eg fæ í dag—
og herrann hefir þess þörf.

Bæn.

Oftast, þegar enginn sér
og enginn maður heyrir,
en brennivínið búið er,
bið eg guð að hjálpa mér.

Allt búið og gleymt.

Þegar kveð eg kóng og prest,
í kirkjunni verður reymt;
en moldarhrúgan svarta sézt—
og svo er allt búið og gleymt.

Örin og ljóðið.

Upp í loftið ör eg skaut
og einhvern fjandann burt hún þaut,
en hrafn, sem sat á hárrí grein
hélt það væri "aeroplane"

Á eftir henni lítið ljóð
um loftið sendi' eg beina slóð;
og hrafn, sem út á haugi sat
með hörkubrögðum eygt það gat.

En ör og ljóð eg aftur fann
og aldrei þeim fundi gleyma kann;
á húsgangsrölti hitti' eg ljóð
í hjarta vinar örin stóð.

Bágindi.

Særðar stríða sálirnar,
syrgja, kvíða' og vona;
alla tíð til eilífðar,
árin líða svona.

Gekk eg suður í Garðar-bygð,
guði' að sýna hlýðni og tryggð;
úr húsum, svona hér og þar,
hundum á mig sigað var.
Kvenndin góð og kát eg sá,
kinna rjóð og augna blá.
Gildan líka garp eg fann,
Garðaríkis keisarann.

Hafðu ekkert fjandans fas!—
fátækt má ei hamla;—
hefirðu' "alcohol" á glas
handa Káinn gamla?

Þreyta.

Fækka sporin, kemur kvöld,
kuldi sólarlagsins;
hefi' eg borið hálfu öld
hita' og þunga dagsins.

Lífsins hrekkja laumuspil
lamar frið í hjarta;
hefi' eg ekki hingað til
haft þann sið að kvarta.

Skilnaður.

Hryggur kveð eg káta menn,—
kvíði geðið lamar;—
suma aftur sé eg,— en
suma aldrei frammar.

Hefndargjöfin.

Hvenær skal eg læra svo að lifa,
að lífið verði mér ei hefndargjöf;
enn má drottinn skuld hjá K. N. skrifa,—
ja, skyldi' eg eiga' að fylla 'drunkards' gröf?—
nú er eg veikur eftir þetta "spree"
og "it is plenty good enough for me."

Eftirþankar.

Eg hefi ekki gleymt því og gleymi' ekki í ár,
hvað góður þú varst mér um daginn,
því það eru' ekki' allt saman ferðir til fjár,
sem við förum um jólin í bæinn.
Eg sit hér nú aleinn með silfurgrátt hár
og syng um þig lofgjörðar braginn.

Þegar eg grátþyrstur gekk þar um torg,
gott var að finna þig heima,
því hörmungum lífsins og hverskonar sorg
hjálpur þú mörgum að gleyma.
Hjá mér í einrúmi í hugarins borg
hjartfólgna minningar sveima.

Eg fann það um kveldið er fór eg á brott
í framkomu og viðmóti hreinu,
að hugsun þín ein var að gera mér gott,
en gat ekki sýnt það í neinu;
og því vil eg senda þér þakklætis-vott
í þvinguðu ljóðstefi einu.

Myndin.

Eg veit það kalla sumir synd
sem er meinlaust gaman;
hann ætlar að taka af mér mynd
með ói fyrir framan.

Kvennalán.

Kvennalánið met eg mest;
mega sprundin heyra:
í hálfan mánuð hefi eg lézt
hundrað pund eða meira.

Mikið lán.

Maður kom frá Milton-bæ
minni sorg að léttu.
Herra trúr, "Oh my, Oh my!"
mikið lán var þetta.

Örvænting.

Eins og gömul, götótt flík,—
gagnleg þó í fyrstu,—
verð eg bráðum liðið lík,
látinn ofan í kistu.

Þreyttur.

Þreytir K. N. strit og stjá,
stynur öndin þjáða;
maður sá, sem ekkert á,
á úr vöndu' að ráða.

Huggun.

Eg er ekki leirskáld lengur,
ljóðskáld bara eins og gengur,—
leirskáld á þó landinn nóg,—
sannleikur er sagna bestur,—
segir þetta, Magnús prestur;—
vissu fleiri' en þögðu þó.

Brot.

— — —
Það eg lengi muna má—
mig þú burtu flæmdir
mínum bernskuárum á,
í útlegð sekan dæmdir.

Blærin væri annar á
ástakvæðum mínum,
mig ef sett þú hefðir hjá
hirðskáldunum þínum.

Innan stundar þryti þögn,
þá til meins ei tefði;
rætast mundi úr mér ögn,
ef eg sveinsbréf hefði.

Ennþá get eg sýnt þér samt
sanna karlmanns lotning;
í stefjaletri stutt nær skammt,—
stolta fjalladrotning!

— — —

Útlaginn.

Órór sveimar andi minn
upp til reginfjalla ;
takið þið mig í útleigð inn,
Eyvindur og Halla.

Hughreysting.

Stríðið heyja hlýt á ný
hrygðar sleginn éli,
kvíði' eg ei, þótt skrugguský
skæra eygló feli.

Er eg að verða vitlaus, eða hvað?

Mig langar ekki' í bitter eða bjór
né brennivín—þótt slíkt eg gæti fengið—
eg er orðinn eins og þvengur mjór
og af mér tálgað bæði spik og rengið.
Er eg að verða vitlaus—eða hvað?—
eg vildi' að einhver gæti sagt mér það.

Hvað er lífið?

Hvað er lífið? Hver vill svara því?
Kvöl og þína fyrir hjarta' og sál.
Hvar er huggun orði Drottins í?
Er engin glæta, nema vítisbál?
Eg held því fram að hvernig sem allt fer,
í helvíti mér gæti' ei liðið ver.

Súld.

Mér er kvíldin kærust hér;
kæti Skuld mér duldi;
eg er fýldur af því er
úti súld og kuldi.

Einmana.

Aleinn reika úti' um völl,
inni' í bæ ei tolli,
Laungun horfin er mér öll
eftir glaum og solli.

Hughreysting.

Þyngir auður ekki dreng,
þótt yfir hauður svífi.
Móti dauða glaður geng
frá gleðisnauðu lífi.

Vatn og vín.

Barnatrú er biluð mín,
burtu flúin kæti.
Feginn snúa vatni' í vín
vildi' eg nú,—ef gæti.—

Sér mig ekki.

Segi eg glaður sannleik þann,
sem frá skaða ver mig:
Að sjá mig aðeins ófullan,—
enginn maður sér mig.

Hundalán.

Mér hefir veröld verið köld
og viljað lítið gagna ;
þó hefi' eg átt í hálfra öld,—
hundaláni' að fagna.

Alcohol.

Mér að græða gengur seint,—
það gerir "alcoholið,"
þó hefi' eg bæði ljóst og leynt:
Logið, svikið, stolið.

Fötin.

Rétt til sýnis sumir mest
að sunnan panta fötin ;
en flíkum mínum finnst mér bezt
fara stærstu götin.

Lundurinn minn.

Brósir lundur beint mót sól
blítt sem sprund er sefur.
Honum undir skugga' og skjól,
skáldið fundið hefur.

Kæra foldin

Kæra foldin kend við snjó,—
hvað eg feginn yrði,
mætti holdið hvíla' í ró
heima' í Eyjafirði.

Heim.

Þegar heim eg halda fer
hamla engar skorður
hafs um geiminn hraðar sér
hugurinn lengra norður.

Freisting.

Hvernig fer veit hamingjan—
hulið er það mönnum.—
Hún ætlar sér — það oft eg fann,—
úr mér að gera drykkjumann.

Ósiður.

Að láta skáldin lúra ein,—
ljótur er það siður!
Þetta' er gamalt þjóðarmein,
því er ver og miður.

Hjartveiki.

Heyri' eg pilza-geystan gust,
grípur hjartað ótti:
Sú mér reyndist svikulust,
sem mér vænst um þótti.

Botnleysa.

Allt, sem eg hefi' ort og sagt er einskis virði,
því botninn er suður í Borgarfirði.

Þorstinn.

Eins og Þór er þorstlátur,—
þar umfrætt get rekka:
verða sjórinna þá mun þur,
þegar eg hætti' að drekka.

Efinn.

Þótt eg efist, eitt er visst,
áfram hvet eg sporið.
Enn þá hefir kirkjan Krist,
sem krossinn getur borið.

Kveðið í grafreit.

Forðast svinnir seggir ró,
sem á auðinn trúa.—
Huggun finn eg þráfalt þó,
þar, sem dauðir búa.

Brot.

Tíðum til eg kenni
taug um hjartað ofna
er sem eldur brenni;
fjórið fer að dofna,
fátt að vinna' eg nenni,
sálarreifar rofna.
Kirkjan er að klopna!
í keltunni' á henni
fæ eg senn að sofna.

Sá mig í spegli.

Æru þrotinn, þrútinn, blár.
þögull greipar spennir;
hæruskotinn, grettur, grár,
glóðaraugum rennir.

Skrifað í vísnaþók.

Eg get ekki kvartað, þótt gatan sé þröng,
því gætnin af hættunni stafar.
En sorglegast finnst mér, hvað leiðin er löng,
sem liggur frá vöggu til grafar.

Afsökun.

Það er miklu meiri vandi,
en margan grunar hér í landi,
að yrkja svo að öllum líki,—
en einkum guði' í himnaríki.

Löngu svarið eg hefi' af
oftar hreyfa bögum;
og allt að varast óþarft skraf
á Íslendingadögum.

Fleipur.

Óviljandi aldrei laug,—
oft við Bakkus riðinn;—
af flestum, sem að fælast spaug,
fremur illa liðinn.

Systurnar.

Eg sá og þekkti systur tvær,
en synd og glötun hétu þær.
Í húsi þeirra' eg vinsæll var—
og við mig léku systurnar.


Offita.

Að gæfunni leita leiðist mér
lífsins mig þreytir glíman .
Mikið offeitur eg orðinn er
að yrkja um heitasta tímann.


Aldrei mikinn átti seim,
í álfum heims, þótt dveldi tveim;
en keypti bæði bjór og "gin"
og brennivín—fyrir afganginn .

Vísu breytt.

Oft eg held um hönd á þér,—
hún var köld til forna,—
nú sem eldur ornar mér,
eins um kvöld og morgna.



II.



Til barns.

Hreina ást og hjartans yl
hefi' eg ekki' að bjóða,
en allt, sem skárst er í mér til
áttu, barnið góða!

Um sömu.

Leikur hróðug, frjáls og frí,—
fljóð með rjóðar kinnar;
sjóðheitt blóðið ólgar í
æðum góðu minnar.

Sjúka barnið.

Sjáðu þetta sjúka barn!
Svitinn döggar brána.
Láttu, drottinn, líknargjarn,
litla kroppnum skána.

“Er það vit að tarna!”

Braginn flyt eg byrst með geð;
barnið situr þarna;
eggjárn biturt er hún með—
“er það vit að tarna”

Til Flóru.

Fríða sprund, til farsældar,
fyrir þig skyldi' eg vinna
og allar stundir æfinnar,
að þér vildi' eg hlynna.

Vísur Jónatans.

Margan stilling vanta vann,
sem vitið hefir meira;
lengur vill ei læra hann,—
liggur illa' á Jónatan.

Mér er ljóst, að lítinn mann
langar til að sofa,
kvef og hósti kvelja hann—
kenni' eg í brjósti' um Jónatan.

Get eg séð að "gæfdarmann"
gæfan muni leiða;
dapurt geð það kæta kann—
kveddu með mér Jónatan!

Eftir skírnina.

Stöku þar um kveða kann,
hvað sem prestur segir;
eins og var, þá held eg hann
heiti bara Jónatan.

Um önnu litlu.

Eg þekki eina yngismey.
sem æskufegurð ber;
hún öðrum sveinum sinnir ei,
en sefur oft hjá mér.
Og þótt í veröld verði svalt,
eg veit ei um það neitt;
mér verður aldrei oftár kalt,—
hún elskar mig svo heitt.

Um stúlku.

Einn um víðar álfur heims
ungfrú þá eg kenni;
mörg í blíðheim bragageims
börn eg á með henni.

Um Laugu Geir.

Hún Lauga mín bakar oft brauð handa mér
— og brauðið er konungum ætt;
hún þarf ekki' að hafa' í það hafra' eða ger,
hunang og sykur né egg eða smér,—
því sulturinn gerir það sætt.

Um önnu litlu.

Mamma er svo margt að gera,
margoft hér eg fann,
helzt hjá mér þá viltu vera,
veslings Mary Ann!

Við Stínu litlu.

Harmaboðar heitir slá
hjartað þjáða' og lúna;
liggur voða illa á
okkur báðum núna.

Um drengina.

Mín það verður oftast iðja:
úti' í grænum skóg,
leika við og leiða' og styðja,
litla kút og Jó.

Um Stínu litlu Geir.

Síðan fyrst eg sá þig hér,
Sólskin þarf eg minna;
gegnum lífið lýsir mér
ljósið augna þinna.

Maríu lambið.

Lambið Maríu litlu beið,
 lambið Maríu skildi.
 Hvar, sem María lagði leið,
 lambið Maríu fylgdi.

Ort í orðastað barns.

Hvergi er glóð—út kulnað allt,—
 klukkan bara átta;
 móðir góða, mér er kalt,
 má eg fara' að háttu?

Borðsálmur Lily litlu.

Mig vantar "pie" og "pudding"
 og pipar, salt og smér;
 og brauð af báðum sortum
 eg bið að rétta mér.
 En kartöflur og kėtið
 og kökur þarf eg fyrst,—
 því eg hef ekkert étið
 og eg er líka þyrst.

Til Lóu Paulsson

Lánið blíða, lið þér sitt
leggi stundir allar;
dyggðin þrýði dagfar þitt,
unz drottinn burt þig kallar.

**Til húsfreyju Rósu Sigurðardóttur
á níttugasta afmæli hennar**

I.

Kannske get eg ennþá, ef
á mér rætist spáin,—
fært í letur fáein stef
fyrir vin minn dáinn.

II.

Eg veit hann hefði viljað minnast þín
á vinafundi,—einmitt þenna dag,—
í kyrþey, þegar kvöldsól hinnta skín,
að kveða til þín ofurlítinn brag.
En sínu lífi enn þá ræður enginn,
svo annar verður því að hreyfa strenginn

Eg óska þess af hjarta fyrir hann
og hana, sem að hvílir við hans hlið,
að drottinn, sem hann gerði góðan mann,
þig gleðji, styrki' og veiti sálarfrið.
Svo róleg megir blundsins hinnta bíða,—
því búin ertu lengi'og vel að stríða.

Svo dreymi þig um fríðan Eyjafjörð
og fagrar þernskustöðvar inn í sveit,
því enginn hefir guðs á grænni jörð—
í geislum sólar—litið fegri reit.
En upp á Brattahjalla hóar smalinn
og hjörðin kyrrlát þokast framan dalinn.

Við gróf B. B.

Eg held þú myndir hlægja dátt með mér
að horfa' á það, sem fyrir augun ber.
Þú hafðir ekki vanist við það hér,
að vinir bæru þig á höndum sér.

En dauðinn hefir högum þínum breytt
og hugi margra vina til þín leitt;
í trú og auðmýkt allir hneigja sig
og enginn talar, nema vel um þig.

Til séra K. K. Ólafssonar.

Grimmur dauðinn garð þinn rændi,—
gleðisnautt er húsið þitt.
Hugur minn er hjá þér frændi,
hjartað líka særðist mitt.

Andlátsfregn Magnúsar Brynjólfssonar.

Nú ganga menn hljóðir um götur og torg,—
geislandi sólin ei stoðar.—
Íslenzku þjóðinni söknuð og sorg,
sortinn í norðrinu boðar.

Við munum það allir, hver merkið vort bar,—
og margoft á flughálu svelli.
En nú er hann fallinn, sem fræknastur var
og fríðastur kappinn á velli.

Og hér var ei nokkur, sem hjá sér ei fann
hvöt til að gera eins og bauð' hann.
Hann átti okkur,—eins áttum við hann,—
og eigum hann lifandi' og dauðan.

Við gröf.


Bregða ljóma' á lífsins strönd
ljóssins gjafir beztar.
Sömu blómum, sama hönd
sáir á grafir flestar.

"Kominn heim.


Nú vermir sunna láð og lög,
og lýsir himingeim.
Eg veit það gleði verður þér,
að vera kominn heim;
þó fella vinir trega tár
og titra hjörtu mædd;
þú fórst á burt með svöðu sár,
en sárin eru grædd.

Hvað hylur blæjan hrein og dökk?
eg heyri einhver spyr,—
hún hjúpar brúði, er blundar vært,
sem beið þín eitt sinn fyr!
Æ, kom þú vinur, hægt og hljótt.
þér hvíla búin er
í annað sinn við hennar hlið,
sem heitast unni þér.

Þú þráðir hvíld og hvíld þú fekst,—
því kvalir sárar leiðst;
og eins og hetja' á hólmi særð
þú hugrór dauðans beiðst.
Hvíldu' í friði, sofðu sætt!
þín svefnværð huggar mig,—
unz árdagssunna guðs í geim
með geislum vekur þig.



III.



Minni mjólkurmanna.

1883

Sælt veri fólkið! Fyrirgefið!—
fremur illa liggur á mér.—
Harla fátt eg hefi' að segja,
hinir tóku það bezta frá mér.

Hér er margt af heiðursmönnum,
hópur sveina' og fríðra meyja.
Allir vonast eftir góðu,—
eitthvað má eg til að segja.

Þótt eg segi meining mína,
megið þið heldur ekki reiðast.
Mér eru farin minni kvenna
marg-ítrekuð sárt að leiðast.

Eg vil þó með þessum línunum
þeirra virðing hét ei skerða.
En til heiðurs mjólkurmönnum
meina eg þær skuli verða.

Margra heilsa mundi farin,
máské lífið standa' í hættu,
ef að þeir á alla vegu.
ei úr nauðpurft vorri bættu.

þú, sem býrð í þurrabúi,
þarft ei hót að vera smeikur,
þeir bera til þín brúsa sína,
bros á þeirra vörum leikur.

Ferðamaður, þótt þig þyrsti,
þarftu dauða sízt að kvíða;
mjólkurbrúsann gamla og góða
á gatnamótum sérðu bíða.

Og þú, sem vinnur baki brotnu
við 'brick' og 'mortar' á hverjum degi,
finnur hvergi, hvergi svölun,
ef kúamjólk þér svalar eigi.

Mér finnst því fyrir mína parta,
við mættum allir, sem hér erum,
óska sem hér eftir fylgir,
okkar kæru mjólkurberum.

Bresti þá aldrei bezta fóður,
'bran' og 'shorts' með öðru fleira.
Flækings kýr á hverjum degi
komi' óboðnar heim til þeirra.

Hlutur enginn hér á jörðu
heiðri þeirra sé til rýrðar.
Allar kýr í öllum heimi,
öskri þeim til lofs og dýrðar.

Meðan sól af austurunnum
árla morguns rís í heiði,
blessist þeirra kýr og kálfar,
kúaólán hjá þeim sneiði.

Vorri kæru fósturfoldu
þeir fagran minnisvarða reisi.
Bresti þá aldrei neitt af neinu,—
nema skort á mjólkurleysi.

Treysti' eg því, að tíminn leiði
þá tröppu ofar en fyrr þeir stóðu.
Þetta' er lítið meðal margra,—
en máske nóg af svona góðu!

Óskum við þeir ætíð verði,
okkar þjóð til vegs og sóma.—
Svo skulum allir þyrstir þamba
þeirra skál í kúarjóma.

Flutt á samkomu í Duluth.

I.

Fyrst eg er hér kominn, þá finnst mér vera
 skylt
 að flytja snoturt kvæði um greindan unglings
 pilt,
 nýkominn að heiman og nýfarinn að sjá.
 Nefndur er eg Sámur Urðarbæli frá.

Eg þekki betur heiminn en heimurinn þekkir
 mig,
 af heiminum er eg settur á lægsta tröppustig.
 Eg aleinn kann að meta mína sálargreind,
 sem mér hefir verið gefin, en heiminum er
 leynd.

Eg kom hér einn í bæinn og kunni ekkert mál,
 kaldur, svangur, hrakinn, og þekkti enga sál,
 eg gekk í níðamyrikri og guðaði' á hvern skjá,
 Guðsnáð var hvergi' að finna, svo eg úti lá.

Eg sveipaði að mér feldi og settist að í laut,
 svalur norðanvindur gegnum loftið þaut.
 Eg hallaði þreyttur höfði sem Hjálmar upp
 að stein
 og hvíldist þar í næði, unz sól í austri skein.

Eg hézt við allan heiminn og hézt við alla
menn.

mitt hjarta varð að steini—og það er demant
eni---

Eg þáði ekki vistir og þrjúkaðist við fólk,
þótt mér byðist vinna að keyra og selja mjólk.

Eg sýndi þá alíslenzkt sálarþrek og dug,
sjálfan mig að éta, datt mér strax í hug.
Eg hét að reyna' að spara á meðan auðið er,
svo enginn maður skyldi græða "cent" á mér.

Eg fékk enska vinnu, þótt fengi lítið kaup,
og forðaðist að taka bjórkollu' eða staup.
Og, þótt mér væri boðið, þá þáði' eg ekki vín,
því eg hélt að borga það væri skylda mín.

Eg fékk mér ódýrt skýli' og fór og keypti mat
á flötum beinum með hann á gólfinu' eg sat.
Eg stýfði' upp úr hnefa og stóð á og reif,
í staðinn fyrir tréspón eg brúkaði stóra sleif.

Eg hélt mig eins og herra, og hundfitnaði
strax;—

hafði nóg af öllu,—bæði kjöt og lax!—
En brátt eg sá, að óhóf eins í mat og drykk,
aðeins gerir manninn að hrokafullum gikk.

Svo get eg fengið hjá 'butchernum' bein,
bein, sem er loðið og þvalt;
eg borða' úr því merginn og brýt það við stein
og borða það helzt, þá er kalt.
Svo kannske eg geti með kúnst "on the sly"
krækt mér í "pie."

Á sláturhús fer eg og fæ mér þar svið,—
það er fætur og hausa og vömb;—
á kvöldin og nóttunni kem eg þar við,
er "kill"-a þeir "pigga" og lömb.
Og garnir og rusl, sem þeir gefa þeim 'poor'u
er gott upp úr súru.

Kunningjar mínir þeir kaupa sér vín,—
af kurteisi sæki þá heim.—
þeir drekka sig fulla,—já, fyllri en svín!—
og flöskunum stel eg frá þeim;
og gleð mig svo sjálfan í góðvina hreysi
"Gísi kreisi!"

Eg kaupi mér frákka' og kem svo á fund—
og kosinn verð forseti strax.
Ef orðinu skakkar, þá ýfist mín lund,
eg eitthvað tek skrítið til bragðs.—
Eg er þyngstur af öllum, sem eru hér nærri,
—ekki stærri.

Bitterbragur.

Því trúir enginn, nema sá, er það sér,
hvað séra Kristinn hefir á sig lagt,
bara til að bjarga Páli' og mér,—
eg býst við enginn taki það upp skakt!—
Sitt eigið líf og annars Goodtemplara
í okkar þarfir, reyndi' ei hót að spara.

Um bitterglas eg bað í veganesti,—
en bitter engan þóttist Sali hafa.
Og bitter ekki bauð hann heldur presti;—
af bitter skorti virtist hætta stafa,—
því fyrir bitter farið var að herja
og fyrir bitter átti nú að sverja.

Sú hættuför, sem hér er um að ræða,—
um hánótt yfir jökla' og eyðimerkur,
mundi flesta hrausta kappa hræða.
En hér var bæði Goodtemplari og klerkur!
Og kraftaskáld, sem kveðið stundum getur
svo kröftug ljóð, að fáir gera betur.

Á réttum tíma rétturinn var settur
í réttarsal, hvar dæmdir eru "bóar"
Enginn var við annan þar með slettur,
því allir höfðu fengið slettur nógar;
og fyrir rétti finnst mér réttast vera
að fara rétt að því, sem á að gera.

Gamli "Mörtsi" glotti ögn í kampinn,
glettnissvipur hverri spurning fylgdi,
eins og hann vildi' á mig reka stampinn;
einkum þó um tvent hann fræðast vildi:
Hvort eg væri' í "County"-lögum fróður,
og hvort mér þætti "stomach-bitter" góður.

Mér var—eins og margan kann að gruna,—
meira' en lítið hlýtt til Gamla Sala.
Það má stundum ekki miklu muna,—
maður verður gætilega' að tala.
Og kúnstin var nú: Hvor þar reyndist mestur
og hvort eg gæti logið meira' en prestur.

Til Guttorms J. Guttormssonar.

Þín lýsing er af engli,—rétt er það!—
sem aldrei hefir fæti' á jörðu stigið.
Að hún sé jarðnesk, á sér engan stað,
þú ert að fálma í myrkri' og greipzt í skýið.—
Og verst í einu veit eg glöggst þér fipar:
Það vantar í hana mustarð, salt og pipar.

Í bréfi til J. J. Bildfell .

Lögberg hefi' eg litið;
ljóð mín sá þar ekki.
Það vantar í þau vitið
vel eg skil og þekki.
Í mig fór að fjúka,
þá fann eg orð "minn kæri"
sem enskir oftast brúka,
við einstök tækifæri.

Gamanvísur til St. G.
þegar hann kom frá Íslandi, haustið 1917

Ljóðasmiður ljúfi!—
leitt er til að segja,
heiður er í húfi;—
helzt eg ætti' að þegja.—
Hvað sem hver einn segir,
kominn nú til baka.
Viljann fyrir verkið
verður þú að taka.

Við fögnum þér, vinur, með virðingu' og seim
þú varst okkur öllum til sóma,
og bjóðum þig velkominn,—velkominn heim!
þótt vasana hefðirðu tóma.

Var þér ei heimkoman hugðnæm og blíð?
Hvað heyrðirðu, gerðirðu' og sástu?
Hvernig var færðin og hvernig var tíð?
Heyrðu! Hvað drakkstu og áztu?

Hjá hverjum dvaldirðu heima? Eg spyr—
Hjá hverjum áttirðu mötu?
Fékkstu þar grásleppu, fékkstu þar skyr,
fékkstu þar hákarl og skötu?

Að skjalla þig heimkominn skömm væri stór,
skáld, þótt með afbrigðum sértu.—
En hafa' ekki smuglað inn handa þér bjór,
er háðunglegt,—blessaður vertu!

Oft var eg hjá þér á hrjóstugri slóð.
Í huganum sá eg þig lalla,
einan um lágnættið yrkjandi ljóð
“austur í blámóðu fjalla.”

Oft var eg hryggur í “hugarins borg”—
því heiminn að misjöfnu þekki.—
En það er mér huggun í þrautum og sorgt
að þýzkarinn “drepti” þið ekki.

Á Íslendingadaginn á Mountain.

Við héldum Íslendingadag og átum svarta
brauð;—
það átti' að minna' á svartadauðann heima
og Íslenzkuna vestan hafs, sem er nú loksins
dauð,—
og allir þurfa' að keppast við að gleyma.

Bréf til J. Hall.

Mér er erfitt brag að byrja og brag að enda—
eg veit ei, hvar það kann að lenda.

Gætið ykkar, góðir hálsar, gleðin dvínar,—
Sit eg hér með sorgir mínar.

Er hér komið eitt af stærstu Íslands tröllum
—Goðmundur frá Glæsisvöllum.

Heyri' eg sagt hann hati enska heimsku
prjálið;
og hengi þá sem "mixa" málið.

Mér er kannske málið skylt, en má eg spyrja,
á hverjum hann ætti að byrja?

Mér og Páli mun hann fyrstum meina' að
sálga,
og hengja' okkur á hæsta gálga.

Honum þarf að hegna fyrir heimsku slíka,—
eg held það ætti' að hengja' hann líka.

Þjóðerni.

Nú er til vor kominn, Kjartan prestur;
kennimaður heima' á Fróni mestur.
Sjaldan hefir hingað komið vestur
hugðnæmari vetursetur gestur.

Nú er líka hræðslan frá mér flúin,
farin strax að vakna barnatrúin.
En því var eg svo þreyttur oft og lúinn,
að þjóðerninu sýndist hætta búin.

Nú spái' eg því, er þrýtur vetur þenna,
að þjóðerni við höfum til að brenna.
Það verður ekki kvennfólkinu' að kenna,
ef karlmennirnir bara þora' og nenna.

Enn um þjóðerni.

Bóndaskinn í bróðerni
bauð mér inn á salerni;
minntist þar á þjóðerni,—
það, sem er í Kringlunni.

Til G. J. Erlendssonar

Aukist þín auðlegð og sómi
og eflist þín brennivínsráð;
lof um þig hvervetna hljómi,
í Heimskringlu' og Lögbergi skráð.

Nú ligg eg í öskustó inni
og ekkert með heilanum vinn,
og máske í síðasta sinni
eg sendi þér tilberann minn.

Langur og leiður úr máta
hinn líðandi vetur mér finnst.
Þó vil eg, Laugi minn, láta
á leiðindum bera sem minnst.

Senn kemur sumarið blíða
með söngfugla glitrandi her,
og lækna öll sárin er sviða,
og sorginni léttir af mér.

Við hlægjum og alls ekki hirðum
um hégómans fallvalta spil.—
En, hvað líður brennivínsbirgðum
í bænum?—Er nóg af því til?

Hér gengur skaðræðis hósti,
hálsbólgušnertur og kvef.
Sendu mér þela með pósti,
því peninga nóga eg hef.

Svo hætti' eg hreint öllu spaugi;--
hér er nú snaran til taks!—
Ef geturðu' ei gert þetta, Laugi,
eg geng út og hengi mig strax.

Þegar Sveinn var ekki heima.

Eg kom að kaupa malt;
en kalt var allt og hljótt
sem Goodtemplara gröf
um grimma vetrarnótt.
Það heyrir ekkert hljóð
og hreyfing engin sézt.
Í okkar unga skríl
er andleg hundapest.
Hann hefir fengið flog
og flogið eitthvað burt
og er á fleygiferð,—
en fjandinn einn veit hvurt!—

Svo, þótt eg þyrstur sé
 og þurfi drykk að fá,
 er bezt að halda heim
 og háttum reyna' að ná.—
 Því "sannleikurinn er"
 að Sveinn er ekki hér.

Æfintýr á gönguför.

Brot.

Úr fimtíu 'centa' glasinu eg fengið gat ei nóg,
 svo fleygði' eg því á brautina og þagði;—
 en tók upp aðra pyttlu og tappa úr henni dró
 og tæmdi hana líka' á augabragði.

Mér sortnaði fyrir augum og sýndist komin
 nótt

í sál og líkam virtist þrotinn kraftur.

Eg steyptist beint á hausinn, en stóð upp
 aftur fljótt
 og steyptist síðan beint á hausinn aftur.

Svo lá eg eins og skata, unz líða tók á dag,—
 leit út sem mig enginn vildi finna.—

Eg hélt eg væri dauður og hefði fengið slag
 og hefði kannske átt að drekka minna.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



4.5

5.0

5.6

6.3

7.1

8.0

9.0

10

11.2

12.5

14

16

18

20

22.5

25

28

31.5

36

40

45

50

56

63

71

80

90

100



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

Þó komst eg samt á fætur og kominn er nú
 hér,
 en kölski gamli missti vænsta sauðinn.—
 Og loksins hefir sannast á Lasarusi' og mér
 að lífið það er sterkara en dauðinn.

Jón Barleykorn.

Tryggðir eg ungur við Barleykorn batt;
 mín byrði var þung, svo að stundum eg datt.
 Þyrsta og hungraða hefir hann satt,—
 þá heyrðist oft sungið: “Hvað er svo glatt.”

Þýzkur í anda og þýzkur í sjón,
 þýzkurinn sendi þig, Barleykorn Jón!
 Sunnan frá Milwaukee seinast komst þú;—
 særður til ólífis hvílir hér nú.

Lífið í sölurnar lagðirðu þitt,
 lífið svo frelsaðir annara' og mitt.
 Kúlugat sé eg á kviðnum á þér
 og kúlugat annað, það leynir ei sér.

Froðan í skegginu enn er þér á,
og ennþá má dreggjjar í lögginni sjá.
Arinbjörn setur á kistuna kranz,
ef komið þér get eg í hendur þess manns.
Og Voraldar ritstjórnann minna' á það má
að minnast í "bitunum" látið þitt á.

Þú komst til að gleðja' okkur síðasta sinn—
og svo til að kveðja' okkur, góðurinn minn!
Og sannlega ber oss að blóta þér kút,
því blætt hefir þér fyrir náungann út.

Og eftirmála ætla' eg svo að þylja
til athugunar þeim, sem málið skilja.

Seinast þegar Surtla bar,
sálmur þessi kveðin var,
undir nafni ekkjunnar
með aðstoð gamla Bakkusar.

Minni horna.

Af tilviljun eg kem í kór
að kveða minni horna;
að bera' í veizlum valinn bjór,
þau voru höfð til forna.

En nú er komin önnur öld
og engir bjórinns drekka,
því hornum tómum hampa' í kvöld
við hrausta sjáum rekka.

Eg þekki hornsins hljóða kraft
og hornsins raddir blíðu;—
eg veit að margur hefir haft
horn í annars síðu.—

Að gleðja mig við hornahljóm
með hundrað öðrum bjánum,
eg gekk hér inn á gömlum skóm
með göt á báðum tánum.

Minni Goodtemplara.

Í Winnipeg er hætta' að eiga heima,
því hættur margar ljóssins salir geyma:
Lyfjabúð er hér á hverju horni
og hætt er við, að kverkar skáldsins þorni,
því "únsan" hún er eins og dropi' í sjóinn.
Ef orðinn væri' að rommi Húnaflóinn,
þá færi' eg heim að heldrimanna síðum

og héldi til á dýpstu fiskimiðum.
Við gamla Þór þá glösum skyldi' eg hringja
og Goodtemplurum lof um eilífð syngja.
Er sólin hnigi hægt að ægi köldum
hvíldi' eg mig um stund á grænum öldum.
Er röðull aftur roðar fjallatinda,
í rommi tek eg það og fer að synda.

Kjallarabragur.

Nú skal syngja' um Svein,—
fyrst söngródd mín er blaut.—
Sem fugl á grænni grein
hann gleymir sorg og þraut;
og leikur sér með ljúfum yngismeyjum
sem leiðast hér í hvítum silkitreyjum.

Allar elta hann
og allar vilja' hann fá,
þótt margan stærri mann
sé máske hægt að sjá
á þessum stað, í þessum hópi sveina;—
þið munuð allir skilja hvað eg meina.

Hann á háreist slot
og honum búnast vel.
Hann á lönd og 'lot"—
og líka þreskivél.
Hann er ríkur,—hann á buddu' úr skinni,
—hann á líka ögn í buddu sinni.

En, hvernig helzt það fer,
er hart að gizka á,
því allar ætla sér
þann yngismann að fá.
Eg heyri sagt, þær hafi sezt í leyni,
í hópum niðri' í kjallara hjá Sveini.

Þó verður aðeins ein,
sem öðlast þessa hnoss,
og fær að faðma Svein,—
ó, friður sé með oss!—
En meðal hinna mörgu ungu svanna
munu heyrast óp og gnístran tanna.

Föðurleg áminning til A. T. Andersonar.

Þótt eg hefði hvorki brauð né bjór
né bitter, lét eg ungan hana gala.
Að hafa getað er mér unun stór
til íslenzkunnar vakið hann af dvala.

Eg býst ei við að bera sigurkrans
við bragafull,—og því er svona farið,
að þótt eg ekki þyggji ráðin hans,—
þá þakka eg “hans hátign” fyrir svarið.

En rökin eru býsna barnaleg,—
á bak við tjöldin gerist margt í leyni.—
Og því er rétt að virða' á betra veg,—
eg veit hvar liggur fiskur undir steini.

Tilfnið.

Þetta' er sagan sönn og rétt,—
svona bara gekk það:
Eg hefi brag í blaðið sett;
bað um svar og fékk það.

Guðrúa og Jón.

Eg þekkti þau unglíngur—aðeins í sjón,—
 þá æskan var leikur og gaman;
 þau voru' ekki' af heiminum viðurkend hjón
 og vinirnir nefndu þau Guðrún og Jón,—
 því guð hafði gefið þau saman.

Nú eiga þau lítið og laglegt bú,—
 og lítið er orðið um gaman.—
 En heimurinn kallar þau herra' og frú!—
 Svo hafa þau meðtekið kirkjunnar trú
 og presturinn "pússað" þau saman.

Í fjósinu.

Eg heyrði kýrnar hjala
 um hljóða aftanstund;
 og held þær hafi verið
 að halda "kvennfélagsfund"

Því allar ræddu' í einu
 og engin þagað gat,
 þær töluðu' um allt og alla,—
 og oftast þó um mat.

“Við erum fullar og feitar,
og fóðrið brestur ei:
Mais og malaðir hafrar
og mikið og kjarngott hey.”

“Mig varðar jú ekkert um það
og ekki' er það “business” mitt.
En heyrðu hérna, Skjalda!
hvenær er talið þitt?”

“Kominn er kveldmatartími,—
hvað skulum við nú fá?”
“Jú, þarna kemur nú K. N.—
og kemur með andskotans strá!”

Sólskinið í Dakota.

Þegar vetur viku frá
og veðrið fer að hlýna,—
þá er fögur sjón að sjá,
sólina okkar skína.

Dveljir þú í Dakótá
dag um sláttarleytið,
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á hveitið.

Þegar engið er í ljá
og allt er grasið slegið,—
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á heyið.

Girnist einhver fisk að fá,
fer hann bara' í lækinn,—
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á "pike"-inn.

Þegar maður mjólkar, á
mörgum lyftast brýrnar,—
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á kýrnar.

"Alcohol" er hægt að fá
helzt, ef fólk er lasið,—
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á glasið.

Sig að skreyta sumum hjá
sýnist æðsta hvötin,—
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á fötin.

Viljir þú í guðshús gá
að glæða trúarrestinn,—
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á prestinn.

Þó að "centin" fáist fá,
svo furði sjálfan karlinn,—
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á "dallinn."

Ef eg þyrfti þar að fá
í þrautum huggun mína,
vildi' eg fyrr en síðar sjá
sólina hætta' að skína.

Þegar eg er fallinn frá
og fúna' í jörðu beinin,
verður fögur sjón að sjá
sólina skína' á steinin.

Sleipnir.

Nú gefur hver, sem getur mest,
glatt svo fái prestinn.
þó hefir guði þóknast bezt,
þegar þeir gáfu hestinn.
Aldrei dauðlegt auga leit
aðra' eins ferð á hesti.—
Það er heiður hverri sveit
að hlynna' að svona presti.

Mér það helgar herma skrár:
Heim með burði lasna,
fátækur og fótasár,
frelsarinn riði asna.

IV.

Minni gömlu Winnipegbúa.

Það var á yngri árum,
þá engin sorg var til;
og flestir áttu ekkert
og allt gekk þeim í vil.
Þá byggðist þessi borg
með breið og fögur torg
og broshýr bæjarþil.

Og þá gat mælskan þrifist
og þá var æskan kát;
og málin rædd og rifist
og reyndar einskis svifist
og margur varð þá mát.

Þeir gleðigígju slógu
og gleðin bjó hjá þeim;
þeir glaðir grétu' og hlógu
og glaðir lifðu' og dóu
og héldu glaðir heim.

Eg þarf ei því að leynd
að þó var stundum kalt,
en gleðin gekk um beina—
og guð veit hvað eg meina,
því vonin vermir allt.

Og einhver hulinn andi
þá yfir vötnum sveif,
sem fékk þeim forðað grand
og fleyið bar að landi;—
en sjaldan seglin reif.

Eg þarf ei nöfn að nefna,
því nöfnin eru geymd.
Og þeirra' er ei þörf að hefna
né þeim fyrir dóm að stefna,
þótt gröf sé margra gleymd.

Vísur til ýmissa og við ýmis tækifæri.

Til kvennfélags Eyford-safnaðar.

Nú gefst okkur færi' að gleðjast um stund,—
að gleðjast á jarðneskan hátt!—
en gleðin er margföld og gleymist ei strax,
ef gleðjum vér þann sem á bágt.
og konunum okkar er trúandi til
að taka' að sér kærleikans starf,
því heiman af Fróni úr fátækri sveit,
þær fluttu þann dýrasta arf.

Við þekkjum það allir, ef einhver á bág
og einhver þarf huggun að fá
og örbirgðin kvelur og kuldinn er sár,
til kvennfólksins leitað er þá.
Að líkna þeim voluðu, víst er þeim ljúft,
ef veikindin sækja þá heim;
og eins ef að sulturinn drepur á dyr,—
í dyrunum mætir hann þeim.

Prógram

Fyrst verður sungið og leikið af list—
og leiðindin rekin á braut,
Svo koma drættirnir,—sjáðu nú til!
allt silfur og gimsteina skraut.
Svo koma veitingar, svo verður stanz,
og svo verður byrjað á ný,
svo koma ræður og söngur og dans,—
og samkoman endar með því.

Hvöt.

Til föstudagsins farið er að styttest,
þá fáum við að Kvennabrekku' að hittast,
þar verður öllum veitt með rausn og sóma,
þar verður nóg af kaffi, sykri' og rjóma;
þar verður brauð, sem varla' er hægt að bíta,
þar verður engum manni leyft að "treat"-a;
þar verður ekki fátt um fína drætti,—
þar fá menn nóg af dansi' og hörpusiætti.

Til piltanna.

Þegar græna grund og skóg
geislum máninn signir
og komið er allt í kyrð og ró,
Komdu' ef ekki rignir.

Auglýsing.

Komdu nú, drengur minn, komdu' ekki' einn!
kærastan verður að fylgja;—
mundu það, veslingur, vertu' ekki' of seinn,
eg veit yfir hverju' er að dylgja.
Láttu' ekki bregðast að fara þá för,
þú finnur margt, ef að þú leitar;
því kennfólkið bíður með kossinn á vör
og kaffið og lummurnar heitar.

Kosningavísur.
Bónorðið.

I.

Bónleiður sjaldan til búðar ef fór;—
“biðjið, þá mun yður gefast;”
ráð þetta íslenzkur klerkur í kór
kendi mér þegar eg var ekki stór;—
reyndu það, ef að þú efast.

Eg skora á landann sem skynsaman mann,
eg skora á landann sem bróður,
að styðja í kosninga hriðinni hann,
sem handtökin fyrstu í byggðinni vann,—
þú gerir það, landi minn góður!

Þú þekkir hann Jónas, og þekkir hann vel,—
við þekkjum hann allir að góðu.

Hann minnir á prestinn, sem synti á sel,
hann Sæmund inn fróða, sem glettist við hel
og fróðastur var hinna fróðu.

Þú átt að senda' hann á þingið í haust
og þú átt að efla' hann og styrkja,
þú kýst ei húsbóndann þann, sem þú kaust;
það væri glæpur og árangurslaust;—
heyrðu það, klerkur og kirkja!

II.

Varnar tjóni' og vitfirring
víkings niðjum slingum
að senda' hann Jónas suður á þing,
sómi' er Íslendingum.

III.

Nú skal kjósa nýja stjórn,
nú skal ofra brennifórn;
brenna þá, sem bregðast oss
á báli' en negla suma' á kross;
Svo að þessi þjóð sé frjáls
þarf að skera marga' á háls,—
oft hefir þetta átt sér stað—

með atkvæðum skal gera það.
Nú er í boði mannval mest,
á Mountain, sem að hefir sézt,
upp í háa herrans tíð,—
hjá heiðnum bæði' og kristnum lýð.
En lífið enginn leikur er,
svo láttu engan hræra' í þér
en kjóstu þingmann, Colonel Paul,
og County-ráðsmann Jónas Hall.

Hænsahúsið.

Eg keypti við í hænsahús,
í honum fann eg veggjalús;
og ef eg man, það alveg rétt,
var engin slík á blaðið sett;
en hvernig brúkast að hún á
er ekki' á "plani" hægt að sjá.
En áform þeirra eflaust var,
hún ætti' að fylla' upp rifurnar;
og engin fjöl var alveg flöt,
á öllum fann eg þúsund göt.
Þeir höfðu fellt þar kvist við kvist
í hverri spýtu' af hreinni list.

Og allt var bogið út á hlið
og allt var sagað skakt á snið,
það eina, sem eg falslaust finn—
í fljótu bragði—er “sidingin”

Í hænsahúsinu.

Haninn galar hátt og snjallt,
hænan ræðu þylur;
þau eru' að tala' um eitt og allt,
sem enginn maður skilur.

Sá með grænu glyrnurnar,
girndum fús að svala;
að sér hænir hænurnar
hann með fagurgala.

Pussy.

Sízt eg hræðist háð og spé,
sem heims frá börnum kemur;
eg er að græða auð og fé,
öllum vonum fremur.

Það er ekki út í hött
ort að þessu sinni;
eg hefi' eignast urðarkött,—
öllum köttum minni.

Orðsending.

Orð mín færa áttu strax
öðrum t sonum:
Eg er hér til gleði' og gagns
Garðaríkis konum.

Frelsið.

Trúarbragða-frelsi fagna
fólk á Mountain kann;
en heyra börnin bölva' og ragna,
"bítur" andskotann.

Fónið.

Það er tjón að þurfa að bíða,
ef þarf að "fóna at all"
geislalóna grundin fríða,
gefðu mér Jónas Hall!

Kaupmanni gerð upp orðin.

Ef þig vantar egg og smér,
út mátt "centin" telja.
Slíkt er engum meira' en mér
manni ljúft að selja.

Svar.

Þú hefir aðeins egg og smér,
en ekki fylli staupa.
Slíkt en engum meira' en mér
manni ljúft að kaupa.

Hætt.

Nú fær ekki nokkur maður nokkurn dropa;
englarnir af himnum hrapa,—
en heimskingjarnir standa' og gapa.

Spaugvísa í þreskingu.

Sorg uppræta mína má
muna-innst úr djúpi;
daga' og nætur dvel eg hjá
dætrum Björns frá Núpi.

Beðinn um vísu.

Mér er óðar erfitt stjá,—
enginn ljóðasvanur;—
ýngisfljóðum er eg hjá,
ekki góðu vanur.

“The Leggings.”

Í kuldahreggi' í heiminum,
svo hold til sneggju' ei finni
vefja seggir utan um,
á sér leggi, skinni.

I Forester.

Það á að flengja þig og hengja,
þegar þú gengur inn;
það er enginn efi lengur
á því, drengur minn!

Við stúlku í glensi.

Strax til hvílu glaður gengi,
glaumi lífsins frá,
um tíma' og eilífð, ef eg fengi,
"Önnu" að sofa hjá.

Jón.

Þetta 'er dauðans sorgleg sjón,—
sjón og heyrn er farin;—
helvíti' er að horfa' á Jón!
hefir hann verið barinn?

Hér og þar.

Niðri' á sandi Nástrandar
nepja' er blandinn hita.
Hvort að landar þrífast þar,
það má fjandinn vita!

Eldar glóa allstaðar
í því Gósenlandi.
Kvalir nógar þekkjast þar—
og þorsti óslökkvandi.

Þegar Jón Þorláksson barðist.

Kirkjurolur kristna trú
kenna' og breyta eftir;
í einni holu eiga bú
ótal hreysikettir.

Marklítill auglýsing.

Ætlar að messa' hann Hans minn, hér,
hindri skyssa engin.
Fyrir þessu enn þá er
ekki víska fengin.

Höggið.

Merkin ber til grafar glögg,
greyið séra Jóhann!
Það hefir verið þrælslegt högg,
þegar merin sló hann.

Séra L. Th.

Heilög bið eg hamingjan
Lónum lið ei spari;
orðasmið eg aldrei fann
annan viðkvæmari.

Gott ráð.

Að því gái öldin fróm;
ef áttu' að hæla sprundum,
bezt er þá að brúka tóm
bögunæli' á stundum.

Gömul landnámsvísa.

Léttist byrðin, baslið flýr;
bóndinn rær og "grobbar";
börnin hirða kálfa' og kýr,
konan þvær og "skrobbar."

Um Loft.

Oft í litlu skjöplazt skýrum.
Skilið menn ei fá,
hvort með lands-eða lagardýrum
Loftur teljast á.

Út í "brös" eg elti Loft
og ætlaði mér að hýða' hann;
við höfum líka ærið oft
átt í brösum síðan.

Í seli.

Mínum dögum yngri á,
oft á skemtifundum
kvennfélögum hefi' eg hjá
haft í seli á stundum.

Líknarverkið.
Stúlka batt um sár höf.

Líknaði mundin mjúka þín
 mér, þá undin blæddi;
 í silki bundin sárin mín
 á sömu stundu græddi.

Lausnarinn blíði, lífs um ár
 lini sorg og þínu;
 heims í stríði' ef svöðusár
 svella hjarta þínu.

Að skara eldi að sinni köku.

Yrkja stöku þarf um það
 svo þjóðin skilji;—bara
 sinni köku eldi að
 allir vilja skara.

Kyndarinn.

Sviftir ró og sálarfrið,
 sá, sem stráið brennir
 heim í "carið" við og við
 vonaraugum rennir.

Glatt á hjalla.

Glatt er hér á hjalla enn;
hörpu glymjá strengir;
inni sparka sprund og menn,—
spila Brynjólfs drengir.

Gaf mér kött.

Frí af svalli, sannkristinn,
sýna vill ei pretti;
Gunnlaug kalla' eg greiðaskinn,—
hann gefur öllum ketti.

í Hensel.

Drekka' og "fight"-a frískar geð,
fram í opinn dauðan.
Blóði gæti' eg manna með
málað bæinn rauðan.

Gáta.

Finnst mér ráð að fara á túr,
fósturláð að kanna.
Við erum báðir ungar úr
eggjum háðfuglanna.

Forester-gjaldið.

Af þessum "dollar" þú mátt sjá
þreyttum skrokk ei hlífi
til að borga ábyrgð á,—
einskisverðu lífi.

Það er fyllsta meining mín,
í mestu harðindonum,
fyrir bjór og brennivín
betur verði' eg honum.

Fyrr og nú.

Sífelld heima svo til bar
í söllum auðra ranna;
oft á sveimi sáust þar,
sálir dauðra manna.

Breyting nokkur orðin á
er, um daga langa
nú má skrokka sífelt sjá
sálarlausa ganga.

Um Tómas Halldórsson

Halldórsson er hraustan sá
haltur var af kýli;
eins og fjandinn flugi' á
fór á motorbíli.

Eg er ekki alveg "sure"—
aðeins hefi von um:
Að brennivín og kýli—"cure"
kunni' að bjarga honum.

"Eg skal segja þér"

Hryssu greyið! hún er að deyja,—
á hrygginn fleygir sér;—
"eg skal segja, eg skal segja,
eg skal segja þér."

Til S .K. Hall

Já, góð var flaskan frá þér!—
þótt flaskan væri dökk,
þú átt að eiga hjá mér
um eilífð lof og þökk
þú veizt hvað vísan meinar,—
þú veizt hún meinar “skaal!”
Það skulu skilja, sveinar,—
svo “skaal!” til Steina Hall.

Gamalt brot.

Í fyrra vetur, fyrir jólin,
fyrir en hætti barnaskólinn
meistari Röndólf sté í stólinn,—
stúlkunum leizt á Jonna þá!—
fagurt galaði fuglinn sá;
sín hann brýndi bragatólin;—
“bandið” stýrði fundi.—
“Listamaðurinn lengi sér þar undi.”

Á bréfspjald til J. R.

Þökk fyrir ljóðin þín þýðu!
þeim skal ei framtíðin gleyma;
saklausu, barnslegu, blíðu,
barnshjörtun skulu þau geyma.
Hátt yfir hvílunni þinni,
há þér við ættum að vaka;
með hroðvirku hendinni minni,
í hönd þína láttu mig taka.

Á auglýsing.

Fyrir þig eg ber upp bón,—
Braga- harðnar glíma—:
Að horfa' á mig og hlusta' á Jón
hálfan klukku tíma.

Stúlka vakin.

Lífið varir stutta stund,
starfs og vöku krefur;
væna fljóð af værum blund
“vakna þú, sem sefur.”

Þyrstur.

Blessuð vertu, fríða fljóð,
sem fegurð ber svo þekka;
þú, sem er svo gegn og góð,
gefðu mér að drekka!

Um Paul.

Þjóðarprýði þig eg te' —
þú ert frægur orðinn—
“uniformið” fer þér vel,
fallbyssan og korðinn.

Fyrirlestur.

Versnar og versnar meira,—
viljið þið bara heyra!—
vantrúar-villu lestur,—
vitlaus er þessi prestur!

Kynbætiskálfur.

Steingrímur, sem kynbætiskálfiinn
keypti' af Manga,—helvítis bjálfinn!
fær nú ekkert land úti' á landi,—
landi' er því í vandræða standi.

Hreggviður.

Á strætunum lærði' hann að stela,
stelpur að fífla' og véla,
svo drakk hann og "pleiaði pool."
Aldrei gat orðið að manni,
alla tíð bölvaður glanni—
og "ignorant" andskotans "fool"!

Hinn ónýti hirðir.

Hirðirinn ráfar um heiðar og fjöll
og horaður verður að svelta;
en hjörðin er farin til helvítis öll,—
því hundurinn kunni' ekki að gelta.

Er það ei von?

Er það ei von hann elti fljóð?
 er það ei von hann hrekki?
 er það ei von hann yrki ljóð?
 er það ei von hann drekki?

Er það ei von hann iðki stuld?
 er það ei von hann ljúgi?
 er það ei von?—jú vitaskuld!—
 að vera í svona "crew"-i.

"Home, Sweet Home."

Til að rækta' á borðið blóm
 er beztu kröftum varið;
 það er orðið "Home Sweet Home"
 hjá henni Möngu "car"-ið.

Björn Halldórsson.

Björn á alla snilli er snjall,
 snjall að ljúga' og trúa.
 Oft í gamni kalla' eg karl
 Krüger Mountain-búa.

Um gamlan vin.

Eg býst við allir landarnir biðji' að heilsa þér
og biðji þig að fara nú ekki' að deyja;
því allir, sem þig þektu, að undanteknum mér
—munu' eitthvað hafa gott um þig að segja.

Kirkjumálið.

Kænska Pálsson kom í ljós,
kirkjumálið skildi;
hann var að mála hús og fjós;
hugur máli fylgdi.

Hrekkur.

Eg mætti' henni' í myrkri úti' á stræti
og mér var ei ljóst, hver hún var;
þá greip mig svo gáskafull kæti,
eg greip hana' og kysti' hana þar.
Eg hefi' verið helzti of bráður;
en hefði 'átt að sjá hana fyrst;
mig furðar, ef oft hefir áður,
í einrúmi mær verið kysst.

Um yfirsetukonu.

Yfir grónar grundir víða,—
 guði þjónandi;
 geislalóna grundin fríða,
 gengur þrjónandi.

Svo að linni sorg og kvíða
 sífellt vinnandi;
 silkitvinna sólin fríða
 situr spinnandi.

Við "Central"

Vinndu hart og leggðu lið!—
 lítinn þáði' eg frestinn;—
 af öllu hjarta blítt eg bið:
 blessuð, náðu' í prestinn!

Til Jóns Runólfssonar.

Heilsa dreng eg heiður met.
 Hvernig er nú lystin?
 hefirðu fengið hangikét
 hjá honum séra Kristin?

Ef þú gista ættir hér,
eitthvað K. N. gleddu;
fyrst að listin lætur þér,
láttu sjá og kveddu!

Ekki um að villast.

Allir þekkja þenna klút,—
þarf ei nema' að sjá hann!
Fjandinn hafði' hann fyrir strút,—
Fúsi Goodman á hann.

Kom seint heim.

Lofnin hringa þjáð og þreytt,
þér eg trúr skal vera;
kemur hingað klukkan eitt,—
hvað varst þú að gera?

I og Á.

Margur spyr nú mig að því,—
Mér er að versna kvefið;—
geturðu' ekki gefið mér í,
góði vinur, nefið?

Aftur svara' eg þessu þá:—
þó að versni kvefið,
get þér bara gefið á,
góði vinur, nefið.

Spurður um líðan.

Einn eg pela átti þá
og Önnu bað að geyma hann;
furðu vel á flestum lá,
er fór eg af stað að heiman.

Talsíminn.

Nú geta mæðurnar málefnið rætt
og meyjarnar sveinarnir falað;—
og nú geta náungan frætt—
og nú geta steinarnir talað.

Úr þreskingunni.

Fyrir hvern fer eg að yrkja?
fólkið það langar í bita;
þessvegna þríf eg nú þennann—
það mega stórskáldin vita.

Þegar eg þreyttur og hrakinn
þvælist í bólið á kveldin,
dreymir mig kolsvarta djöfla,
sem dansa í kringum eldinn.

Svipillir, svínfættir árar
sveiflast um loftið í hringa;
fullir af fítöns anda,
með forkum þeir allir mig stinga.

Horaðir, hálfbrunnir skrokkar
hausana glottandi skóku.
Eg þekkti þar bindindis böðla,
sem bjórinn frá okkur tóku.

Eg hrekk upp og veit þá með vissu,
að víst hefir einhver mig stungið;
því tjaldið er fullt af flögðum
á flugi'—og þá er nú sungið!

Kveðið við kisu.

Gleðiboðskap birti minn,—
bæti moði' í stallinn;—
grátt og loðið læðuskinn!
læt svo froðu' í dallinn.

Halelúja.

Hala' á kú eg hata' að sjá,
honum trúi ekki;
heila bú mitt hann vill slá—
halelúja, segi' eg þá.

Ólæti.

Hér er svall og hróp og köll
horfinn allur friður;
heyrast varla hærri sköll,
þótt himininn falli niður.

Við Saura-Gísla.

Þenna úrskurð þjóð má heyra,
þótt hann sé sláandi;
þú sérð blindur, margfalt meira
en margur sjáandi.

Til Lauga Erlendssonar.

Brennivín eg bið ei um,—
bara ögn af spiritus,
kenna muntu' af kviðlingum,
karlinn gamla Júlíus.

Á spil til Mrs. Frímann Einarssonar.

Nú bærisk ekki blað á grein
um blíða morgunstund;
og sólin brosir hýr og hrein
og heyrisk kvak í lund.
Eg fer í laumi' að finna þig,
en Frímann sneiði hjá;
og ef þér leiðist, líttu á mig,
en láttu engan sjá!

Annan Ágúst.

Margur þaðan fullur fór,
freyddi' á skálum malt og bjór;
brennivín þar brast ei neinn.—
Því báðir seldu, Dóri' og Sveinn.—
Kvennfólk var með kaffisull,
karlmenn fluttu ræðubull;
þar var söngur, þar var dans;
þar var eg og séra Hans.

Um ritstjóra.

Illa stilltur unglingur,
oft fer villt með penna;
hann er spiltur spjátrungur,—
sparipiltur kverna.

Neðan við bréf til L. E.

Og ef þú hefir eitthvað vott,
að ending þess eg bið
að hjálpa mér um heilan pott
og hafa það bæði sterkt og gott—
því líf mitt liggur við.

Til E. H. Bergmanns

Kæra þökk fyrir eitt og allt;
eg ann þér gegnum heitt og kalt,
og langa stund þú lifa skalt,
þér lánið fylgi snjallt,
á meðan skugga skógur ljær
og skolar ströndu úfinn sær;
á meðan sól í heiði hlær
og hjarta' í brjósti slær.

Á meðan.

Mínir beztu bræður tveir,
brátt þá safnast auður;
ráða mestu manna þeir
meðan pabbi' er dauður.

Ný vögguvísa.

Farðu' að sofa blessað barnið smáa!
brúkaðu ekki minnsta fjandans þráa.
Haltu kjafti! Hlýddu' og vertu góður!—
heiðra skaltu föður þinn og móður.

Stúlkan mín.

Stúlkan mín er stásslægust meyjja,
stoltari heldur en frá þarf að segja;
mittisgrönn í marglittu skrúða,
máluð eins og Parísarbrúða.

Á hálsi blikar glansandi glingur,
gulli' er skreyttur annar hvor fingur.
Hún er grein af gljáviðarhríslu,
úr Gullbringu' eða Hnappadalssýslu.

Til J. Einarssonar, Duluth.

Þenna sannleik þér eg kann að greina,
Nönnu ann eg enn sem fyr,—
engan mann um leyfi spyr.

Heimsóknin.

Það kom til hans gömul kerla,
sem kölluð er Mrs. Della;
það varð til þess, hann fór að vella,
vitleysu meiri' en ella.

Til Valda Gíslasonar.
Dalurinn.

Þér og mér til mótlætis
mennt og kurt frá snúinn
Phil O'Hare til helvítis
úr heiminum burt er flúinn.

Hafðu þreyju þangað til
þrýtur líf og kraftur;
ef þú getur fundið Phil,
færðu dalinn aftur.

Um Lauga.

Hægt er að láta liða betur
Lauga pósti' og mér;
en eitt er víst, að okkur getur
ekki liðið ver.

Til Lauga Erlendssonar

Skaparinn, sem mig skapað fékk,
skringilega frá mér gekk;
í hugskot mitt sá ennþá inn
enginn,—nema skaparinn.—

Á því hefi' eg tröllatru,
að tíminn breytist meira' en þú;
af öllu hjarta óska' eg þér,
að þú pytlu sendir mér.

Alloft sit eg úti' á haug
og er að reyna' að vekja' upp draug;
ef dável heppnast "job"-ið mér,
þá drauginn skal eg senda þér

Í bróðerni þig vara vil,—
varnar meðal hafðu til;—
ef draugurinn skyldi drepa mig
með draugnum skal eg hengja þig.

Til sama.

Nú er ekki nokkur glæta,
af neinu tagi,
þessar varir þurru' að væta,
þótt eg dæi.

Bæn.

Kemur þú með nokkura nýja bæn,
sem nota mætti' ef gamla bænin svíkur?
eg spyr af því eg veit, hvað þú ert væn;
og víst er eg af bænum ekki ríkur.—
Bæn við ólund bezt mér þætti að fá,
sem bæta kynni skapi hyggju þungu,
um aðra bæn eg ekki' biðja má,
því ellin bannar mér að hræra tungu.

Þ. Einarsson kvað.

Þín af dofa þjáist önd,
þrek er bandi slegið;
þú mátt ei sofa, senn að strönd
siglir andarfleyið.

K. N. svarar.

Björt þá sól í heiði hlær;
hreyfi' eg kvæði fínu
þegar daggar dropi skær
deyr á leiði þínu.

Hlægifíflir .

Hlær nú og flissar
hver heimskingja sál;—
ef ein kýrin pissar,
er annari mál.

Hringhendur

Um hann Stíg á Akra' eg syng,—
aldrei þessu vanur.
það á að gefa honum hring
úr hreinu gulli,—dýrmætt þing!

Mundi Austmann, mér er sagt,
mest og bezt því réði;
honum er flest til lista lagt.—
Leiðréttu' ef eg fer með skakkt.

Mörgum finnst það fyrst í stað
furðulega skrítið;
hringinn fær hann—fyrir hvað?
Fáir held eg viti það.

Forðum heyrði 'eg spaka spá,
spá að hann yrði hengdur;
ólarhring um hálsinn á
honum margir vildu sjá.

Helzti margir hringinn þann
hafa' án saka borið;
flestir hafa fengið hann
fyrir að tala sannleikann.

Breyting mikil orðin er,—
ekki er því að leyna.
Gull á Stígi sómir sér
sæmilega,—trúðu mér,

Þenna landnáms mæta mann
menn á Akra blóta;
eins og sjálfan andskotann,
elska þeir og virða hann.

Hætt er við að heimurinn
hér um misjafnt dæmi.
Hræsnislaust um hringinn þinn
hefi 'eg kveðið, Stígur minn!

Um K. K. prest Ólafsson og K. N.

Kristinn prestur, hvar sem fer,
er K. N. meiri;
hann er beztur sjálfum sér—
og svo eru fleiri.

K. N. prestur enginn er—
og engum meiri;
hann er verstur sjálfum sér—
og svo eru fleiri.

Borgfirðinga-mót.

Breiðfirðingar biðu þar
hjá Borgfirðingum gestir;
Austfirðingar allstaðar,
og Eyfirðingar hér og hvar,
en vitfirringar vóru þó langtum flestir

Milli kvenna.

Heims í láni liprum dreng
lætur sóma verkið;
eins og máninn glaður geng
gegnum jómfrú merkið.

Nesjungurinn.

Það fæddist maður í "Foolish"-nesi
og fluttist þaðan að "Selfish"-nesi,
nú er hann hér í "Holy"-nesi,—
en hefir verið á Langanesi.

Á leikhúsinu.

Frá því skreiðst er fyrst á kreik
unz farið er að háttu,
mörgum finst í lífsins leik
langt á milli þátta.

Opnum vonaraugum með
allur starir fjöldinn.
Gaman væri' að geta séð,
hvað gerist bak við tjöldin.

Birgur.

Nú á eg sauði nokkra hér,
nú er dauður "steerinn".
Farsæld, auð og blessan ber
í búið rauða kýrin.

Gilsi.

Auðarstoðin ung og rjóð
ekki var í pilsu;
hygginn, fróð og hjartagóð,
heitir bara Gilsi.

Vinur.

Vinargeðið víst eg met,
vel eg Gilsa þekki;
burtu héðan farið fet
frá honum get eg ekki.

Til B. B. Hansson

Því hryggði af hjarta
sú hörmulega fregn,
búð þín væri brunnin
og bærinn allt í gegn,
það fór of fjandi illa
þitt fyrirmyndar bú;
eg skyldi borga brúsann,
ef bjargað hefðir þú.

Eg lifi—aðeins lifi!—
ef líf það kalla má
að draga að sér anda,
sem ekki er hægt að sjá,—
og bragðlaus er með öllu
og enga hefi lykt;—
eg gæti nærri grátið,
minn góði Benedikt!

Mér hugkvæmst loksins hefir
 sú heimska' að leita þín
 í þessum þungu raunum;
 ef þú átt brennivín,
 með sendiboða' að sunnan
 mér sendu heilan pott;
 og hvað, sem helzt það kostar,
 þá hafðu "stuffið" gott.

Að svala sálarþorsta,
 er sannarlega þörf,
 því andann þjá og þreyta
 hin þungu dagsins störf.
 í hópi dýrra drengja,
 svo drekk eg þína skál;
 og frá að fara' í söfnuð
 þú frelsar mína sál.

Í kuldalum.

Hér eiga' að standa kirkjukaplar,
 er Kári blæs í jötunmóð,
 meðan klerkur myglað japlar
 moðrusl sitt frá Víkur-stól.
 en eg kirkjuferðum slæ á frest—
 og frá þeim einnig leiði eg minn hest.

Dýrtíð.

Hvað á helzt að segja?
hvað á nú að skrifa?
það er dýrt að deyja,
en dýrara þó að lifa.
Býsna dýrt er borðið
og bjórinn hjá honum Sveini;
dýrt er drottins orðið
og dýrt að fara' á "train"-i.

Um Magnús Stefánsson

Á merarstræti meyjar náði hann fundi
og mjög að henni kankvíslegur veik;
eins og krummi uppgefinn af sundi
augum votum lítur krókasteik.
Hann var að fala' að fá að setja inn
í fjósið hennar gamla klárinn sinn.

Stæling eftir.

Báran hló á björtum vog,
bjalla' í skógi hringdi,
þá var "snjóur" enginn,—og
inndælt lóan "sýngdi."

Úti' í skóg var kvasst og kalt,
krummi' og tóa "þjáddist",
þá var "snjóur" yfir allt,
engin lóa "sjáddist."

Þýtur í runni, þýtur í mó,
þýður kattasöngur;
eins mig langar allt af þó
aftur að hafa slöngur.

Heiðarbýlið.

Uppi' í heiði' á Ísaláði
oft mig dreymir mey;
næturgreiða þar eg þáði
þann, sem gleymist ei .

Frábærlega fögur var hún,—
Fallega-Manga hét;
fyrir mig á borðið bar hún
brauð og hangikjöt.

Drósin klæðin dró svo af mér,
“did the best she could”
Svo í næði seinna gaf mér
“something just as good.”

Þótt í stílinn þannig færi
þakkar slíka gjörð,
heiðarbýlið hélt eg væri
himnaríki' á jörð.

Malakías annar.

Mér það nýjum miðlar grun
mylnu' í eg fann hann;—
nefna því eg manninn mun
Malakías annan.

Við Dóra Reykjalín.

Ráðið biturt Reykjalíns
rauðu letri er skrifað.
Allir vita að án víns
ekki get eg lifað.

Til G. B. B.

Engin fræði flyt eg þér;
fyndni glæðir sinni.
Langar ræður leiðast mér,
léleg kvæði' og minni.

Undur var.

Einn var þar svo undur rar,
sem ekkert gerði;
hver þar annan kýmínn spurði:
Hver er þessi drottins smurði?

Leó.

Leó hrestur hélt í vestur,
heiðursgest eg fann.
Það er mesti myndarprestur—
mér leizt bezt á hann.

W. H.

Wilhelm frí á stokkinn stígur,
stjórn máls drýgir tal;
hærra skýjum hugur flýgur,—
hann er "liberal"

Blótið.

Mammon blóta; Bakkus hóta.
ban^a skjótum þar;
frá Minneota Minnesota
margur ljótur var.

Hóþinn þrýddi, helgum skrýddur ljóma;
lífs í stríði launheppinn,
Löðbergs fríði ritstjórinn.

Herra K. N. heyrði' og sá á þingi;
frábær maður, furðu skýr!
fann út, hvað í honum býr.

Séra Kristinn, sóma' og listum búinn,
andans sanna orku ber, —
af því hann er skyldur mér.

Eftirköstin.

í lágri bygging buska hjá,—
bak við skólahúsið,—
að minni hyggju mætti sjá
mikið liggja eftir þá.

A spjald til G. B. B.

Að finna þig við flugum langan veg.
með fuglum vorsins, Stefan G. og eg,
og spámaðurinn vildi vera með,—
eg veit þú hefir karlinn áður séð.
Við göngum inn, en guðum ekki á skjá
og Gunnar bónda heimtum strax að sjá.
Hann gæti jafnvel gert það upp á stáss,
að gefa þessum heiðursmönnum pláss.

Það gerir stryk í reikninginn.

Þótt mín væri þörfin brýn,—
þú hefir selt mér brennivín;—
gættu' að þessu góði minn!—
það gerir stryk í reikninginn.

Feðratungan.

Þótt feðratungan flytji
oss fugla' og gígjuklið,
og brothljóð blárra kletta,
og brims og fossa nið,
er enskan eitthvað mýkri
með unaðshlýrri blæ,—
því íslenzkt mál á ekki
neitt orð, sem merkir "pie"

Já.

Já, íslenzkir viljum við vera
á Vesturheims iðgrænu sléttum;
og hvor annars byrði að bera
við bróðurhönd hver öðrum réttum;
og eins, þótt það kunni að kosta
kjaftshögg og barsmið á stundum;
með þjóðernis rembing og rosta
menn rífast og skammast á fundum.

Við erum enn of fáir.

Við erum enn of fáir
og okkar verk of þungt,
en fólkið framför þráir
og félag vort er ungt.—
En þjóðin þarf að menntast,
já, það fer nærri sann,
eg held það væri hentast
að hafa prest á mann.
Við viljum fá sem flesta,—
því fyr, þess betra er!—
að heiman þokapresta
að prýða flokk vorn hér.
Og þú mátt, guð, ei gleyma
að greiða þeirra spor
frá harðindunum heima
í hungursneyð til vor.

Á samkomu.

Eg kom með séra Kristinn hér
í kvöld að flytja ræðu;
mig brestur sjón, það bansett tjón
mér bakar sorg og mæðu;
svo "foolaðu" ekki' hann föður þinn,—
því fólkíð sér það, Gísli minn!—
en segðu bara eins og er:
Er augað rétt í mér?

Djöfladansinn.

Svefn mér bannar draugadrótt,
sem djöfla nærir kraftur.
Taktu "Hrannir" frá mér fljótt—
Fáðu mér Byron aftur!

Byrons fima orðgnótt enn
að sér hug minn seiðir;
en þessir grimmu máldrápsmenn
mér eru orðnir leiðir.

Við Lauga Erlendsson.

Sorgum firrtur sit og skrafa,
sífelld yrkjandi,
allt af þyrfti' eg helzt að hafa
hjarta styrkjandi.

Beðinn að yrkja.

Þegar látt eg fésmætt hef
í fórum mínum;
úr sálarfylgsnum gull eg gref
og gef það svinum.

Um Jón Sigmar, slátrara.

Þegar æfin endar hér,—
öllum þrautseigari,—
sína hinztu ferð hann fer
með fáein naut í "cari"

Um Úrsmið.

Oft með plötu' og augnagler
ertu' að bora' og skrúfa;
og á göt sem enginn sér
eðlishvötin vísar þér.

Um Aðalstein.

Aldrei gerir illt af sér,
oft hann fer til messu;
laufagrér, sem listir ber
líkist mér í þessu.

Um S. Thorvaldsson.

Sinn með bóginn síspenntan,—
Sveinn er ljótur strákur;
úti' í skógi hitti' eg hann;
hann var að skjóta krákur.

Til Jóns biskups Helgasonar.

Aldrei sóast auður minn;—
átti nóg af vonum,
þeim hefi' eg lógað, lagt þær inn—
og lifi' á "prócentonum"

Til G. Finnbogasonar.

Biðja skal þig síðsta sinn:
Svani og bláum fjöllum,
hóli, bala, hálsi, og kinn
heilsaðu frá mér öllum.

Til St. G. St.

Hér eg dvel og huggun finn
að hversdags þrautum búnum,
hérna el eg aldur minn
eins og naut hjá kúnum.

Við J. V. Leifur.

Eg er orðin uppgefinn,
örðug gerist vinnan.
Hvað á að borða, herra minn?
Hungrið sker mig innan.

Til Kr. Bjarnasonar, Lundar.

Ljósmálaða lundinn þinn
líta bráðum færðu;
vertu glaður vinur minn!—
“velsignaði kroppurinn”

Minni mitt.

Nú skal bera á borðið vín,
bíðið þið hér á meðan.
Blessuð veri minning mín,
á morgun fer eg héðan.

Haustvísa.

Fljúga norðan fálki' og gæs,
flöktir hrafn að ránum;
kuldastormur bitur blæs,—
blöðin fjúka' af trjánnum.

Pétur lakari.

Fáa rægir, fáa niðir,
flestum spakari;
Norðurbæinn þrúður þrýðir
Pétur lakari.

Um Jóa rakara.

Marga Joe með hnífi hjó;
hló og spjó í meinið;
artir nógar eru þó
inn við rófubeinið.

Allt í sömu andránni.

Meistari Elís á nú bágt
öllum vel að þjóna
"Go to hell!" en hafðu lágt,—
hann er að "telefóna"

Nýársvísa til Jónasar Hall.

Flúði' eg kenndur fyrst til þín,
fullur en af gríni.
Byrja' og enda árin mín
öll á brennivíni.

Um Ásgeir Byron.

Þar um hlýtur yrkja enn
einn, sm flesta níðir.
Alt, sem lýtir aðra menn,
Ásgeir Byron prýðir.

Um H. Hallsson.

Helga á eg minnast má,
meyjum frá eg sinni;
vöxtinn á er allan sá
á við þrjá sér minni.

Um Jóhannes lækni.

Um sig hljótt, þótt hafi stundum,
hugar rótt með þel;
léttasótt í ljúfum sprundum
læknar fljótt og vel.

Á spjald til W. H. P.

Enn er K. N. ern að sjá, þótt af sé fitan;
sízt þeir efa, sem að líta' hann:
syndin hefir gert hann hvítan.

Á flöskudaginn.

Eitthvað skrítið við það væri
og vert að setja' í brag,
ef afmælið mitt aldrei bæri
upp á Flöskudag.

Gamanvísa.

Aldrei brenni- bragða eg -vín,
né bragi nenni' að tóna.
Fellt hefir enn þá ást til mín
engin kvennpersóna.

Kveðið við stúlku.

Bara' að góðu þig eg þekki,
þinn ei hróður dvín.
Við mig fljóðið vertu ekki
verri', en móðir þín.

Seinasta vísan.

Kjafturinn á mér er alt af þur
og enginn reynir að "greasa" hann;
þessvegna er K.N. svo þagmælskur,—
þetta nú seinasta vísan!

Kosningavísa.

Það er tjón og því er ver,—
þetta' eru ljótar fréttir!
verði Jónas Hall minn, hér
hundrað "vote" á ettir.

Um E. Th.

Elis keyrir "automobile" eins og glanni;—
það sémir ekki svinnum manni.

Til Jakobs Eyford, frá "Kút"

Börn við erum báðir hér um jólin;—
annar sér, en ekki hinn.—
Á eg að bera stafinn þinn?

Til Þorskabíts

Svo skal þagna málið mitt,—
mál er bréfi' að loka.
Gamli Magnús gullið þitt,
geymir niðri' poka.

Til Mrs. S. K. Hall

Mér við eyra lystugt lók
ljóð af hljómunum þrungið.
ekki' um fleira ertu sek,
Íslands blóm útsprungið.

I gamni við stúlku.

Heims ei þrautir hræða mig,
héðan af man eg, Stína!
hvað, sem tautar, kalla þig
kærustuna mína.

A spjald til sömu.

Fæstir munu mér það lá
mest, þótt gríni sinni,
bezt eg uni heima hjá
henni Stínu minni.

Það er þó satt.

Margan svanna' eg mætan sá
mér, sem ann að vonum;
yndi fann eg oftast hjá
annara manna konum.

A spjald.

Sorgarljóð eg sendi þér
frá sálar gróðurríki,
kona góð; því í mér er
andleg móðursýki.

Lengi muna börnin.

Man eg tvent, sem mér var kennt á Fróni,
og minnkunn ekki, þótti þá;
það var að drekka' og flúgjast á.

Eg sá hann, eg sá hann, eg sá hann!

í hefðarstandi' ei stoltan grand
strokinn upp og þveginn;
eg sá hann Brand, eg sá hann Brand,—
eg sá hann keyra' um veginn.

Gefin ein af níu.

Nú á Guðni eftir aðeins átta dætur;—
sá hefir nóg sér nægja lætur.

Á förum til augnlæknis.

Silkispjara sólin rara,—
sín með ber augu,—
ætlað bara' að fara' að fara
að fá sér gleraugu.

Á leið frá Duluth.

Kvenndum vændis flúinn frá,
fjárs þótt vanti gnóttir,
eg í vændum eflaust á
unga bóndadóttir.

Hart í ári.

Vínið mörgum veitir gleði, værð og yndi;
eg má lifa' á hundahlandi,
hér í þessu frjálsa landi.

Iðrun

Úti' er hret og orðið grátt
ofan í fjallabryrnar;
eg hefði getað, hefði átt
að hýsa allar kýrnar.

Um gamlan kunningja.

Braginn vanda hygg ei hót
handa landanum:
Það er andlegt ættarmót
með Árna' og fjandanum.

Valentine

Ekki er svinið þetta, þú,
þessu máttu trúa!
en upp á mína æru' og trú
er eg nú að ljúga.

Brennan

Nú legg eg hönd á helga bók
og henni í eldinn fleygi.
Drottinn gaf og drottinn tók;—
en djöfullinn segir "holy smoke"
—eg hljóður hugsa' og þegi.

Ort við Þorstein kapilán Björnsson.

Í fyrra, á fjórða júlí
svo fullur varstu hér,
allir aðrir sýndust
ófullir hjá þér.

Þegar Þ. B. kandiðat svaf hjá mér.

Ef mér skyldi andlegt fæðast
afkvæmi;
um það vildi fólkið fræðast
faðerni.

Þá er ekki því að neita—
og því er ver,
að sveitin öll og sýslan veit
þú svafst hjá mér.

Gable Hotel.

S. J. Jóhannesson byrjaði:
“Gabill” minn er göfugt þing,
garpar vel þann kenna.

K. N. bætti við:
Hann eignast sérhvern einskilding,
sem Íslendingar “spenna.”

Um gamlan féлага.

Dyggðum fínum fráhverfur,
fullur af gríni og skömmum;
öllum sínum ólíkur,
óskar svína konungur.

Kveðið við stúlku.

Gleðin hrein ei geymir sig
und gráti sollnum hvarmi;
þeygi leyna þarftu mig,
þér hvað veldur harmi.

Önnum kafinn.

Eg má þungar þrautir kanna
á þessum vetri;
hér er komin önnur Anna,—
ekki betri.

Anna Dóra dapurleg
í druslur vafin.—
Enginn maður eins og eg,—
er önnum kafinn.

Traust.

“Enn í trausti elsku þinnar,”
auðmjúkur í bæn og trú,
fríða snót með fagrar kinnar,
faðmlög þín eg girnist nú;
og tengdadóttir móður minnar,
máske seinna verðir þú.

Á morgnana.

Með sólarbending sífellt mig
sómakvendið vekur.—
Oft af hending sjálfa sig,
sagan endurtekur.

Sænskur trúboði.

Þótt ei rati' hinn þröngva veg,
það skal “gúttum” sýna!
trampa Satan illan eg
undir “fútta” mína.

Til skálds.

Sittu heill á Bragabekk!
bættu landans skáldasmekk;
leiktu þér eins og lamb á stekk,
leystu andans þrældómshlekk.

Enginn veit hvað í þér býr;
andans sjón er hvöss og skír.
en gæfan þig á flugi flýr,—
fyrir það máttu passa kýr.

Til Arinbjarnar Bardal—Á bréfspjald.

Andskoti er hann Arinbjörn lyginn!
einkum þegar hann kemur í býin,
lygin verður lifandi straumur,
líkt og pípu töfrandi draumur.

Goodtemplarar græddu' á að fá hann;—
gaman þótti okkur að sjá hann!—
Oft er eg að óska og vona,
að eg gæti logið til svona.

Hallærið.

Kartöflu uppskeran kallast hér rýr
 og hveitið er hreint ekki gott;
 bithaginn lélegur,—engið er eins,
 og akrarnir fullir af 'smut'
 En bygðin og ríkið er brennivíns laust
 og "blind-piggar" óttast nú "fine".
 Það húmar af kveldi og komið er haust—
 og K. N. er lagstur á bæn.

Kveðið eftir vinnukonu.

Hún er farin!—Hana skal ei lasta,—
 á hana skal ei þungum steini kasta.
 Hrærður skal eg hörpu Braga stilla—
 og heldur tala vel um hana en illa.

Hún er farin!—hennar má eg sakna;—
 hugljúf var hún!—dauft er nú að vakna.
 Meira enginn gerir en hann getur,—
 Geri aðrar vinnukonur betur.

Til J. Hall.—Úr bréfi.

Kannske eg sjái Sigríði
seinna ef hlýnar betur,
við þig á eg erindi,
einhvern tíma' í vetur.

Lítið geri' eg líkt og þú,
lítið stríði' í vetur;
fyrir það er eg feitur nú—
og fáum líður betur.

Vil ekki rífast.

Eg rífst ei framar nú við nokkurn mann,—
á nafnakalli' er lítið hægt að græða;
það gildir sama hvort er hún eða' hann,
að hér er ekki' um miðlun neina' að ræða;
svo, þeim, sem við mig eiga orðastað,
er ómissandi' að fá að vita það.

Hávaði.

Og ástandið var ekki gott,
þau áttu fremur bággt;
því hann var "poor" en hún var "flott"
þau höfðu hvorki þurt né vott ;—
þau höfðu bara hátt.

Skrifað á myndaspjald til B. B. skopleikara.

Myndirnar voru af St. G., K.N. og Jónasi Hall.

Ráð það veita vil eg þér;
í vizku' og dyggðum sönnum,
lærðu' á meðan lifir hér
að líkjast þessum mönnum.

A spjald til Hjartar Leó.

Mér var í æsku markað skeið,—
mörgum öðrum varið.—
Út í heiminn aðra leið
ekki gat eg farið.

Lendingin.

Landann höfðu löndur þjáð,
unz landinn gaf upp andann.
Landi hefir lending náð
á landinu fyrir handan.

Þeim heiður, sem neiður ber.

Menningarfrömuður fyrstur í heimi,—
framfara vinirnir aldrei því gleymi,
sem brúka nú matkvísl og hárbeitta hnífa,
var hundur, sem fann upp að standa og rífa

Hringhend hlunkhenda.

Það, sem eg meina, sérðu, sko!—
vera' ekki' að neinu rugli;
bara' að reyna' drepa tvo
steina með einum fugli.

Verðlaunavísa.

Með sama lagi.

Eldhúss hlóðir fór að sjé,—
kerald stóð þar innar;
kappinn rjóður settist á
kollu móður sinnar.

Það sem má missast.

Kvennfólkið er að kyssast;
kemst svo aldrei af stað.
Það er citt, sem mætti missast,—
minnið þið prestinn á það!

Mál að fara.

Við skulum fara' að fara
fyrr en komin er nótt.
Komdu nú barasta bara,
barasta komdu nú fljótt!

Íslaust á Íslandi.

Heima' er ekla helzt á ís,
hitann fáir þola;
þegar Hekla gamla gýs,
gott er að fá sér mola.

Í danslok.

Hættu' að dansa' og gætni gleym,
gríptu "chance"-ið maður!
taktu kvennsu' og töltu heim,—
"tell your friends to do the same"

Um skáld.

Mest hann unni mærdargælum;—
mér er kunnugt að,
eina tunnu' af ástarvælum,
eftir Gunnu' hann kvað.

Hver er sínum gjöfum líkastur.

Guð er sagt, að gefi allt hið góða' og holla;
fjandinn sendi allt hið illa,
öllu góðu til að spilla.

Samt þeir báðir sá og slá hinn sama akur;
hvor um sig er kóngur ríkur;—
hver er sínum gjöfum líkur.

Heiðraði forseti!

Heiðraði forseti! herrar og frúr!
hér er eg kominn á syngjandi túr.
En söngmaður aldrei eg var eða verð,
mig vantaði röddina—eins og þú sérð.

A mynd til St. Guðmundssonar í Árborg.

Hér hafa söngva saman stillt,
svanur, hrafn og ugla;
eigðu vinur, ef þú vilt,
alla þessa fugla.

Beit og sló.

Á syndarann kom að syndga stanz,
samvizkan því beit hann.
Framan í andlit ærlegs manns,
aldrei framar leit hann.

Á syndarann kom að syndga hik,
samvizkan þá sló hann.
Eftir fáein augnablik
af því höggi dó hann.

Á dansi.

Margt í leyni má hér sjá,
mest af glingri' og prjáli.
meyjar sveinum anza á
ásta fingramáli.



Krafta vísa.

Rjúfðu, sunna, sortaský,
sýndu' að þú kunnir að skína,
kysstu' á munninn, hýr og hlý,
hana Gunnu mína.



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482-0300 - Phone
(716) 288-5989 - Fax

Vinur K. N., er Einar heitir, bað hann að
yrkja um sig níðvísu.

Engri skeytir skynsemi,
skammir og vammir fremur,
allra sveita úrþvætti,
Einar heitir sálugi.

K. N. spurður þess, hvort hann ætti bifreið.

Meðan æfin endist hér,
enginn maður sér á mér,
hvorki hryggð né hugarvíl,
þótt hafi' eg ekkert "motorbíl"

f heyþroti.

Eg hrökk upp og heyrði' hann segja:
'Hey' hey!'—en skildi það ei.—
Hvern á að fara' að heygja
og hver er nú búinn að deyja—
eða á helvítis maðurinn hey?

Austurlanda mál.

Ef hann Oddur sjæði,
okkur Rósu bæði,
saman sitja' í næði
og syngja fögur kvæði,
upp í nef sitt næði,
hann naumast fyrir bræði,
úr heljarheift og bræði
held eg að hann dæði.

Úr bittervísunum.

Harma og skaða helju bjó,
hjúkrun sjúkum veitti;
nefndist maður, Doktor Jo,
dagsfarsglaður lifði' í ró.

Fyrir að drýgja dáðir þar
doktors nafnbót hreppti;
aldurhnigin hetjan var,
á hæsta stigi menningar.

Svo með hinum fengi far
fritt í bitterstríðið,
af helztu vinum heima þar
í heiðursskyni kosinn var.

Þegar piggurinn hvarf.

Jonas Hall mun hafa stolið piggnum—
ekki K. N. efar það;—
enginn sá hann fara' af stað.

Piggurinn fannst.

Jónas Hall var hér að rolast lengi.
En arfa gyltu ei hann stal,—
oft fer villt sá geta skal.

Gáta.

Eg fór af stað með fjögur svín,—
ei flókin sýnist gátan mín,—
beint til Edinborgar fór;—
braut var ill og mikill snjór.—
Fyrr en markaðsmann eg fann,
mikið talan breytast vann;
því svíni bætti' eg einu á,
en orðin sex þau voru þá.

Í "freezernum"

Kölski skjáinn krunkar á,
krækja í náinn fýsir.
Gamli K. N. glottir þé.
Gutta hjá í "freezer"

"Cure"

Eg fer ærið oft á túr,—
yndi ljær það meyjum.—
Óðar væri þú orðinn "sure"
ef eg færi að taka "cure"

Fundarhöldin.

Þetta' er frama' og frægðaröld!—
fund á nú að halda í kvöld.—
Hér kemur þjóð með káta lund
að kjósa nefnd og boða fund.

Utan fundar enginn má
annars skoðun fallast á.
Ef að þarf að hengja hund,
halda verður um það fund.

Búskapur.

Eftir máli mínu,
 minnstur er það vandi
 að búa búi sínu
 bóndi út á landi.
 Þegar frýs og fennir,
 friðsælt er að búa.—
 Því, sem kirkjan kennir,
 kýs eg helzt að trúa.

En þá má þrjóska kalla,
 sem þeygi nenna' að trúa,
 og vilja um eilífð alla
 í yztu myrkrum búa.
 Hvar brennisteinninn brennir
 breyskan sálna grúa,—
 því, sem kirkjan kennir
 kýs eg helzt að trúa.

Þingvísa.

Enginn grætur Íslending
 einan sér í "Townley" hring.
 Hann var kosinn á hrafnaþing,
 hvílík bölvuð svívirðing.

“Going Some”

Eg lærði sögu' um lyginn mann
með lipurt fótatakið.
Í kringum tréð svo hart hann rann,
að hann sá á sér bakið.

Útgönguvers.

Á kveldin gengur ungfrú út,
og af sér léttir hryggð og sút;
hún rennir augum yfir tún,
hvar allir leiðast nema hún.
Þá gengur mærin aftur inn
og aftanblærinn strýkur kinn.—
Það vætir hennar hvíta klút
að hafa ekki gengið út.

Hattaskiftin.

Írskan fjanda átti' hún fyrst
og öðrum giftist skratta!
Blessuð landan, brúðkaups þyrst,—
bara skifti um hatta.

War-hardindi.

Ekkert var þar er né var,—
 ei mun vora' í skyndi.
 En bræður vora "burst"-a þar,
 bölvuð war-hardindi.

Svínari.

Hver, sem ekki elskar svín
 eins og rjóðan svanna,
 hann er alla æfi sín
 andstyggð gróðamanna.

Á ferð og flugi.

Lag: "Aldrei kemur Hjaltalín með hripið."

Fram og aftur flug er þreytt,—
 flogið í beinum línunum.
 Allt er horfið, allt er breytt,
 ekki finnur Townley neitt,—
 hann er að leita að loftkastölum sínum!

Annars er ekkert að fréttu,
annað en pólitískt skurk;
eg á engin orð yfir þetta,
því orðin á vörunum spretta,
svo illa í afdæma þurk.

Og ekkert er annað að fréttu
en endalaust pólitískt þrusk.
Mig vantar að vera' í klíku,
en veit ekki glöggst hvar eg stend,
og lítið er leikinn í slíku;—
en langar að fylgja þeim ríku,—
því "business" er "business my
friend!"

Leikslök.

Að enduðum leiknum eg labbaði heim,—
en leiðina rammskakka tók.
En til þess að stytta mér tvöfaldan gang,
eg tók af mér þráðbeinan krók.
En þegar dagur úr djúpinu rann
með dýrð sinni,—ef einhver þess spyr,—
með stýrur í augum og rámur í raust,
eg reis upp við leikhússins dyr.

Ritdómur.

Þeir, sem kaupa þetta kver,
þeir geta heimsku kennt um.
Aldrei hefir verið ver
varið fimmtán centum.

Rétt athugað.

Bezt er nú að byrja að hætta,
búinn er eg lengi að þvætta;
endirinn skyldi' í upphafi skoða,
áður en maður fer sér að voða.



RÖÐ KVÆÐANNA:

Eg hefi' ei auðinn elskað Gagnvart mynd höf.

FYRSTI FLOKKUR

	Bls.
Avarp	1
Æfissaga K. N. í fám dráttum	1
Gigtarsálmur	2
Tveir á ferð....	3
Lengi getur vont versnað eða lengi muna börnin	3
Eg sit í þungum þönkum	4
Bjór	4—5
Fónið	6
Hurðin	6
Vorvísur	6
Hvílukur munur	7
Þurt og kalt	7
Upp og niður	7
Bæn móti skuidum	8
Þegar eg sá Káinn í Elmreiðinni	8
2%	9
Vorir skuidunautar	9
Bandið....	9
Prentvillan	10
Oflangt farið	10
Á ferð	10
Rispa	11
Með mynd af K. N.	12
Ort við Sig Júl. Jóhannesson	12

II.

	Blis.
Snóttin	12
Melankolílska	13
Helma	13
Minding My Own Business	13
Fótgangandi	14
Ofbirta	14
Leiðindi	14
Alis aumast	15
Fleygt fram í gamni	15
Gestgjafinn	15
Samanburður	16
"Sællia er að gefa en þiggja"	16
Reiður	16
Hjálp	17
Mililíls-ástand	17
Draugur	17
Mokstur	18
Á sóstöðudaginn	18
Bæn	18
Allt búið og gleymt	19
Órin og ljóðið	19
Bágindi	20
þreyta	21
Skiinaður	21
Hefndargjöfin	21
Eftirþankar	22
Myndin	23
Kvennalán	23
Mikið lán	23
Órvænting	24
Þreyttur	24
Huggun	24
Brot	25

III.

	Bl.
Útlaginn	26
Hughreysting	26
Er eg að verða vitlaus, eða hvað?	26
Hvað er lífið?	27
Sóld	27
Einmana	27
Hughreysting....	28
Vatn og vín	28
Sér mig ekki	28
Hundalán	29
Alcohol	29
Fötin	29
Lundurinn minn	30
Kæra foldin	30
Helm	30
Frelsting	31
Óslur	31
Hjartvelki	31
Botnleysa....	32
Þorstinn	32
Eflinn	32
Kveðlið í grafrelt	32
Brot	33
Sá mig í spegli	33
Skrifað í vísnaðók	33
Afsökun	34
Flépur	34
Systurnar	34
Offla	35
Vísu breytt	35

IV.

Bis.

ANNAR FLOKKUR

Til barns	39
Um sömu	39
Sjúka barnið	39
"Er það vit að tarna?"	40
Til Flóru	40
Vísur Jónatans	40
Eftir skírnina	41
Um Ónnu litlu	41
Um stólku	42
Um Laugu Geir	42
Um Ónnu litlu	42
Við Stínu litlu	43
Um drengina	43
Um Stínu litlu Geir	43
Mariu lambið	44
Ort í orðastað barns	44
Borðsálmur Lily litlu	44
Til Lóu Paulson	45
Til húsfreyju Rósu Sigurbardóttur á nitugasta afmæli hennar	45
Við gróf B. B.	46
Til séra K. K. Ólafssonar	47
Andlátsfregn Magnúsar Brynjólfssonar	47
Við gróf	48
Kominn heim	48

ÞRIÐJI FLOKKUR

Minni mjóikurmannna, 1883	53
Flutt á samkomu í Duluth	56
Bitterbragur	60
Til Guttorms J. Guttormssonar	62
Í bréfi til J. J. Blöðfells	62

V.

Bis.

Gamanvísur til St. G., þegar hann kom frá Íslandi haustið 1917	63
Á Íslandingadaginn á Mountain	64
Bréf til J. Hall	65
Þjóðerni	66
Enn um þjóðerni	66
Til G. J. Eriendssonar	67
Þegar Sveinn var ekki heima	68
Æfintýri á gönguför—Brot	69
Jón Barleykorn	70
Minni barna....	71
Minni Goodtemplara	72
Kjallarabragur	73
Föðurlæg áminning til A. T. Andersonar....	75
Tilfnið	75
Guðrún og Jón	76
Í fjósinu	76
Sólskinið í Dakota	77
Sleipnir	80

FJÓRDI FLOKKUR

Minni gömiu Winnipegbúa....	83
Vísur til ýmissa við ýms tækifæri	84
Til Kvennfélags Eyford-safnaðar....	84
Program	85
Hvöt	86
Til Piitanna	86
Auglýsing	87
Kosningavísur—Bónorðið.	—87
Hænsahúsið	89
Í hænsahúsinu	90
Pussy	90
Orðsending	91

VI.

	Blis.
Freisið	91
Fónið	91
Kaupmanni gerð upp orðin	92
Svar	92
Hætt	92
Spaugvísa í þreskingu	93
Beðinn um vísu	93
"The Leggings"	93
Í Forester	94
Víð stúiku í glensl....	94
Jón	94
Hér og þar	95
Þegar Jón Þoriáksson barðist	95
Marklítil auglýsing	95
Höggið	96
Séra L. Th.	96
Gott ráð	96
Gömul Landnámsvísa	97
Um Loft	97
Í Seli	97
Líknarverkið	98
Að skara eldi að sinni köku	98
Kyndarinn	98
Glatt á hjalla	99
Gaf mér Kött	99
Í Hensel....	99
Gáta....	100
Forester-gjaldið	100
Fyr og nú....	100
Um Tómas Halldórsson	101
"Eg skal segja þér"	101
Til S. K. Hall	102
Gamalt brot	102

VII.

	Blis.
A bréfspjald til J. R.	103
Á auglýsing	103
Stúka vakin	103
Þyrstur....	104
Um Paul	104
Fyrirlestur	104
Kynbætiskálfur	105
Hreggviður	105
Hinn ónýti hirðir	105
Er það ei von?	106
"Home Sweet Home"....	106
Björn Halldórsson	106
Um gamian vin	107
Kirkjumálið	107
Hrekkur	107
Um yfirsetukonu	108
Við "Central"	108
Til Jóns Runólfssonar....	108
Ekki um að villast	109
Kom seint heim	109
f og Á....	110
Spurður og íðan	110
Talsíminn	110
Úr þreskingunni	111
Kveðið við kisu....	112
Haieluja	112
Ólæti	112
Við Saura-Gísía	113
Til Lauga Eriendssonar	113
Á spili til Mrs. Fríman Einarsson	113
Annan Ágúst	114
Um ritstjóra....	114
Neðan við bréf til L. E.	114

VIII.

	Bl.
Til E. H. Bergmanns	115
Á meðan	115
Ný vögguvísa.....	115
Stúlkan mín.....	116
Til T. Einarssonar, Duluth	116
Heimsóknin	116
Til Valda Gíslasonar—Dalurinn.....	117
Um Lauga	117
Til Lauga Erlendssonar.....	118
Til sama	119
Bæn	119
P. Einarsson kvað	119
K. N. svarar	120
Hlægifflin	120
Hringhendur	120
Um K. K. prest Ólafsson og K. N.	122
Borgfirðingamót	123
Milli kvenna	123
Nesjungarnir	123
Á leikhúsinu	124
Birgur	124
Gílsi	124
Vinur	125
Til B. B. Hansson	125
Í kuldanum	126
Dýrtíð	127
Um Magnús Stefánsson	127
Stæling eftir	128
Heiðarbýlið	128
Malakfas annar	129
Við Dóra Reykjalín	130
Til G. B. B.	130

IX.

	Bls.
Undur var	130
Leo	131
W. H.	131
Blótlö	131
Eftirköstin	132
Á spjald til G. B. B.	133
Það gerlr stryk í reikninginn	133
Feðratungan	134
Já	134
Við erum enn of fáir	135
Á samkomu	136
Djöfladanslunn	136
Við Lauga Erlendsson	137
Beðlunn að yrkja	137
Um Jón Sigmar slátrara....	137
Um ÓrsmLö	138
Um Aðalstein	138
Um S. Thorvaldsson	138
Til Jóns biskups Helgasonar	139
Til G. Flinnbogasonar	139
Til St. G. St.	139
Við J. V. Lelgur	140
Til Kr. Bjarnasonar, Lundar	140
Minnl mitt	140
Haustvísa	141
Pétur lakarl	141
Um Jóa rakara....	141
Allt í sömu andránni	142
Nýársvísa til Jónasar Hall	142
Um Ásgelr Byron	142
Um H. Hallsson	143
Um Jóh. læknir	143
Á spjald til W. H. P.	143

X.

	Blis.
Á flöskudaginn	144
Gamanvísá	144
Kveðið við stúlku	144
Seinasta vísan	145
Kosningavísá	145
Um E. Th.	145
Til Jakobs Eyford, frá "Kút."	146
Til Þorskabíts	146
Til Mrs. S. K. Hall	146
í gamni við stúlku	147
Á spjald til sömu	147
Það er þó satt	147
Á spjald	148
Lengi muna börnin	148
Eg sá hann, eg sá hann, eg sá hann!	148
Gefin ein af níu	149
Á förum til augnlæknis	149
Á ferð frá Duluth.....	149
Hart í ári	150
Iðrun	150
Um gamlan kunningja	150
Valentine	151
Brennan	151
Ort við Þorstein kaplán Björnsson	151
Þegar Þ. B. kandiðat svaf hjá mér	151
Gable Hotel	152
Um gamlan féлага	153
Kveðið við stúlku	153
Önnum kafinn	153
Traust	154
Á morgnana	154
Sænskur trúboði	154
Til skálds	155

XI.

	Bis.
Til Arinbjarnar Bardal—Á bréfspjald	155
Halærið	156
Kveðið eftir vinnukonu	156
Til J. Hall—Úr bréfi	157
Vil ekki rífast	157
Hávaði	158
Skrifað á myndaspjald til B. B. leikara	158
Á spjald til Hjartar Leo	158
Lendingin	159
Þeim heiður, sem heiður ber	159
Hringhend hiunkhenda	159
Verðlaunavísa.—Með sama lagi	160
Það sem má missast	160
Mái að fara	160
Íslaust á Íslandi	161
Í danslok	161
Um skáld	161
Hver er einum gjöfum líkastur	162
Heiðraði forseti!....	162
Á mynd til St. Guðmundssonar í Árborg	162
Beit og sló	163
Á dansi	163
Krafta vísa	163
Vinur K. N. er Einar hét, það hann að yrkja um sig niðvísu	164
K. N. spurður þess, hvort hann sætti bifreið	164
Í heyþroti	164
Austurlandamál	165
Úr bittervísu	165
Þegar piggurinn hvarf	166
Piggurinn fannst	166
Gáta	166
Í "freezernum"	167

XII.

	Bls.
"Cure"	167
Fundarhöldin	167
Búskapur	168
Þingvísa	168
"Going some"	169
Ótgönguvers	169
War-harðindi	170
Svínari	170
Á ferð og flugi	170
Leikslök	171
Rítdómur	172
Rétt athugað	172

Leiðréttingar :

Bls. 64—11. llnu að ofan: sorgt fyrir sorg

Bls. 64—12. llnu að ofan: þið fyrir þig.

Bls. 66— 4. llnu að ofan: vetrarsetur f. vetrarsetu

Bls. 87— 7. llnu að ofan: kennfólkíð f. kvennfólkíð

Bls. 89—16. llnu að ofan: ofra fyrir offra.

Bls. 92— 7. llnu að ofan: en fyrir er.

Bls. 130—fyrirsögn á kvæði: Undur var f. Undur rar

